



Borgarráð

Ársfjórðungsskýrsla fjórða ársfjórðungs og ársskýrsla Græna plansins 2021

Lögð er fram til kynningar ársfjórðungsskýrsla Græna plansins fyrir október til desember 2021 ásamt ársskýrslu fyrir árið 2021 sem heild.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum. Græna planið er byggt á hugmyndafræði sjálfbærni og er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Græna planið er umfangsmikið og í því eru tilgreindar lykilstefnur, aðgerðir og áætlanir undir hverri vídd. Þá voru settar fram forgangsaðgerðir í aðgerðaáætlun Græna plansins fyrir árið 2021. Í þeim tilgangi að gefa greinargóða mynd af framgangi mála við innleiðingu Græna plansins eru lagðar fram ársfjórðungslegar stöðuskýrslur fyrir borgarráð þar sem farið er yfir stöðu helstu verkefna, einkum m.t.t. til forgangsverkefna fyrir árið 2021.


Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri

Hjálagt:

Ársskýrsla Græna plansins 2021

Ársfjórðungsskýrsla Græna plansins - þriðja ársfjórðungur 2021

Stefnur, áætlanir og aðgerðir 2021 – Stöðulýsing í lok árs 2021



Græna planið

- Árskýrsla 2021


1 Inngangur

Borgarstjórn ákvað á fundi sínum 2. júní 2020 að unnin yrði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi áratug.

Græna planið er áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn og felur í sér sóknaráætlun gagnvart hinum gríðarlega samdrætti sem leiðir af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Græna planið beinir fjárfestingu í að vinna gegn loftslagsbreytingum og þróa borgina með kraftmiklum grænum vexti. Græna planið byggir á hugmyndafræði sjálfbærni, og leggur fram skýra framtíðarsýn um blómstrandi og kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem allir geta fundið sér tilgang og hlutverk. Framtíðarsýn Græna plansins er að Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Í aðgerðaáætlun Græna plansins 2021 er að finna stefnur, áætlanir og aðgerðir fyrir það ár. Lögð er fram ársfjórðungslega fyrir borgarráð stöðuskýrsla þar sem farið er yfir stöðu þessara forgangsverkefna árið 2021. Árlega er auk þess ársskýrsla lögð fyrir borgarráð þar sem helstu verkefni og árangur á liðnu ári eru tekin saman.

Nánari upplýsingar um Græna planið má sjá á heimasíðu þess, <https://grænaplanid.reykjavik.is/>.



2 Vaxandi borg

Þróun atvinnulífs til 2030

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.



Aðgerðir í fjármálum

Borgarstjórn hefur í fyrsta sinn sett sér fjármálastefnu og er hún til tíu ára. Þar er að finna með heildstæðum hætti þau markmið sem sett hafa verið til að vaxa út úr samdrættinum sem fylgt hefur COVID-19 faraldrinum og til að takast á við framtíðina. Skilaboð borgarstjórnar eru kröftug viðbrögð gegn atvinnuleysi og samdrætti með fjárfestingarátaki til þriggja ára ásamt virkni- og vinnumarkaðsaðgerðum. Til að ná markmiðum fjármálastefnu hefur verið sett fram aðgerðaáætlun í fjármálum til ársins 2025.

Á árinu 2021 var lögð áhersla á vinnumarkaðsaðgerðir, fjárfestingarátak í stafrænni umbreytingu og miðlæg innkaup.

Markmið vinnumarkaðsaðgerða náðust en fjöldi notenda á framfærslu fjárhagsaðstoðar nam 1.224 að meðaltali á árinu 2021 eða 27% undir áætlun. Vænst er til þess að til lengri tíma leiði aðgerðirnar til minni útgjalda borgarinnar og sterkari viðspyrnu á vinnumarkaði en á árinu 2021 voru útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar 1,8 mlja.kr. undir áætlun.

Fjárfestingarátak í stafrænni umbreytingu er gríðarlega mikilvægt verkefni sem þegar er komið til framkvæmdar. Starfsfólk starfseininga og þjónustupátta borgarinnar er beðið að líta til þeirra tækifæra sem eru til staðar og velja verkefni í ljósi þess ávinnings sem hægt er að ná. Markmiðið er að ná fram skilvirkari þjónustu og stytta boðleiðir.

Vinna við gerð nýrrar Innkaupastefnu Reykjavíkurborgar er vel á veg komin, en þar er lögð aukin áhersla á að innkaup taki mið af umhverfissjónarmiðum og að draga úr kolefnisspori borgarinnar. Verkefni sem snúa að aukinni samþættingu á innkaupum á milli sviða t.d. á matvöru og skrifstofuvörum er ætlað að fækka afhendingum og draga úr umbúðanotkun, eru einnig í farvatninu.

Húsnæðis- og úthlutunaráætlun

Það mikill kraftur í húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík árið 2021. Alls komu 1.285 nýjar íbúðir inn á húsnæðismarkaðinn í Reykjavík á árinu. Alls voru 792 eða 62% íbúðanna á vegum óhagnaðardrífna húsnæðisfélaga. Byggingarfulltrúi samþykkti áform um uppbyggingu á 1.285 íbúðum árið 2021. Hafin var bygging á 1.065 íbúðum árið 2021. Reykjavíkurborg úthlutaði lóðum undir uppbyggingu á 409 íbúðir á árinu. Þá gerði borgin uppbyggingasamninga á 18 reitum þar sem byggja má um 2.000 íbúðir. Reykjavíkurborg auglýsti í B-deild stjórnartíðinda skipulag á fjölda reita þar sem byggja má 1.388 íbúðir á árinu. Þar til viðbótar voru samþykkt byggingaráform á nokkrum reitum eftir grenndarkynningar.

Í verkefninu Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur héldu samskipti áfram við þróunaraðila þar sem verkefnunum var fylgt eftir. Framkvæmdir eru í gangi á þremur af níu svæðum í Gufunesi og Úlfarsárdal. Næsta úthlutun væntanleg í Bryggjuhverfi 2022.

Undir nafninu Grænt húsnæði framtíðarinnar kallaði Reykjavíkurborg í nóvember 2021 eftir umsóknum frá þverfaglegum teymum um samstarf á fimm lóðum fyrir vistvæna húsnæðisþróun. Markmið verkefnisins er að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem kappkostað hefur verið að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Lóðirnar eru við Arnarbakka og Völvufell í Breiðholti, Frakkastíg í Miðborg og Veðurstofureit í Hlíðunum. Hlutsköpustu teymin verða valin í byrjun árs 2022.

Atvinnu- og nýsköpunarstefna 2022-2030

Vinna við mótnu nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur til ársins 2030 hófst í mars 2021. Í stýrihópi verkefnisins sátu tveir fulltrúar frá atvinnulífinu auk þriggja borgarfulltrúa. Samráðsferlið hófst með 18 þematengdum fundum með atvinnulífinu auk þess sem tölvupóstur var sendur á tugi fyrirtækja og stofnanir, sem og til allra sviða borgarinnar, þar sem óskað var eftir þátttöku í samráði. Almennangi gafst tækifæri til að senda inn umsögn í gegnum betrireykjavik.is. Stefnudrögin fóru í innra samráð hjá borginni þann 3.12.2021 og eftir að tekið hafði verið tillit til athugasemda þá var stefnan send í ytra samráð. Drög stefnunnar og aðgerðaráætlunar 2022-2024 voru kynnt fyrir borgarfulltrúum 21.3.2022 og stefnan var samþykkt í borgarstjórn 5.4.2022. Alls tóku um 200 aðilar beinan þátt í samráði við gerð atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Vinnumarkaðsaðgerðir

Áhersla í vinnumarkaðsaðgerðum hefur verið á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í sex mánaða ráðningar. Í lok desember var búið að ráða alls 222 einstaklinga, þar af voru 145 með bótarétt (á atvinnuleysisbótum) og 77 á fjárhagsaðstoð. Einstaklingar hafa verið ráðnir inn á öll svið Reykjavíkurborgar. Flestir ráðningar hafa verið inn á velferðarsvið eða samtals 79, þá voru næstflestar á skóla-

og frístundasviði, 31 á menningar- og ferðamálasvið, og færri á önnur svið. Niðurstöður könnunar sem gerð var meðal stjórnenda sem ráðið höfðu starfsmann í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir sýna að 88% stjórnenda fannst starfsmenn hafa staðið sig mjög eða frekar vel. Þá voru 93% mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar.

Á árunum 2020 og 2021 var ráðið í 934 viðbótarsumarstörf fyrir 18 ára og eldri, því hafa alls 1.156 einstaklingar verið ráðnir í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir síðan sumarið 2020. Sumarið 2021 var einnig fjölgað um 200 störf fyrir 17 ára einstaklinga og voru þau einnig fullnýtt af sviðum Reykjavíkurborgar.

Grænir þekkingarkjarnar

Fjórar lóðir voru seldar við Esjumela á árinu og hefur áhugi á svæðinu verið að aukast. Við Suður Mjódd var Garðheimum úthlutað lóð við Álfabakka 6 á grundvelli lóðarvilyrðis. Við Álfabakka 2a-2d er lóðarvilyrðishafi að þróa atvinnuklasa fyrir nokkur fyrirtæki. Unnið var að breytingu á deiliskipulagi fyrir Álfabakka 4 sem verður seld á næsta ári. Einnig var úthlutað tveimur lóðum við Lambhagaveg 8 og 10.

Í Gufunesi var fundað reglulega með lykilhaghöfum á svæðinu til að stilla saman strengi varðandi þróun svæðisins. Þrjár lóðir þar voru seldar á svæðinu og ein til viðbótar er í ferli í tengslum við C40 Re-inventing Cities verkefnið. Samningar stóðu yfir varðandi sölu á Gufunesvegi 21 til Reykjavík Studios undir kvikmyndaver. Á árinu 2022 verður unnið rammaskipulag um stækkun svæðisins þar sem er gert ráð fyrir athafnalóðum.

Í Vatnsmýri var marksátaki undir heitinu „Reykjavík Science City“ ýtt úr vör á Slush ráðstefnunni í Helsinki í byrjun desember og vefsíðan www.rsc.is sett í loftið.

Viðræður hófust við hið opinbera um lóð undir Björgunarmiðstöð við Sundahöfn og gengu þær vel og kláruðust árið 2022.

Starfshópur um málefni miðborgar hélt þrjá fundi á árinu og var ákveðið að stofna fjóra vinnuhópa til að vinna að málefnum miðborgarinnar. Þeir eru 1) vinnuhópur um tölfræði, 2) nýtt markaðsfélag miðborgar, 3) stöðu atvinnuhúsnæðis og 4) vörudreifingu. Rannsóknarsetur Verslunarinnar framkvæmdi talningu á verslunar- og þjónusturými í miðborginni í maí. Tillaga að nýju félagi miðborgarinnar var kynnt á fundi samstarfshóps um málefni miðborgarinnar í október og næsta skref er að rekstraraðilar boði til stofnfundar hins nýja félags. Lokaútgáfa af greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni (Kvosin+) staða og horfur lág fyrir í október. Vinnuhópur um vörudreifingu hittist þrisvar á árinu og fór yfir áskoranir varðandi vörulestun og losun í miðborginni. Þrjú stór hótelveskefni eru á framkvæmdastigi í miðborginni og kláraðist eitt þeirra – Reykjavík Edition – á árinu.

Markaðsáttak í ferðamálum

Markaðsherferð Höfuðborgarstofu RE, sem fór af stað af fullum þunga á erlendum mörkuðum í júlí, var keyrð fram í miðjan desember 2021. Birtingar voru skipulagðar inn á sterkustu markaði Reykjavíkur. Lagt var upp með að hámarka nýtingu á markaðsfé og árangur af birtingum með því að fylgja í kjölfar birtinga Íslandsstofu og beina auglýsingum og markaðsaðgerðum að fólki sem þegar hafði sýnt Íslandi áhuga. Markmiðið var að vekja áhuga þeirra á Reykjavík sem áfangastað, koma sérstöðu borgarinnar á framfæri og fá gesti sem sækja landið heim til að verja lengri tíma í borginni en ella. Auk almennra birtinga var lögð mikil áhersla á almannatengsl og leitarvélabestun og var árangur af aðgerðum góður samkvæmt öllum helstu mælikvörðum. Almannatengslaferðin REunite in Reykjavík, sem unnin var í samstarfi við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America, fór í loftið í Bretlandi og völdum svæðum í Bandaríkjunum á fjórða ársfjórðungi ársins 2021. Um var að ræða samfélagsmiðlakeppni þar sem fólki sem hafði verið aðskilið vegna Covid var veitt tækifæri til að sameinast á ný í Reykjavík. Þátttaka var góð og birtust umfjallanir meðal annars í Forbes, Daily Motion og Travel+Leisure.

Höfuðborgarstofa vann auk þess með framleiðslufyrirtækjum sem komu til landsins til að taka upp þættina Travel Man á Channel 4 og The Flight Attendant á HBO.

Í kjölfarið á afléttingum á ferðatakmörkunum í júní 2021 tók erlendum ferðamönnum að fjölga og voru um 95% brottfara þeirra frá landinu á síðari hluta ársins. Sé horft til þjóðernis voru Bandaríkjamenn, Bretar og Þjóðverjar stærstu hóparnir sem sóttu landið heim árið 2021.

Ráðstefnuborgin og sjálfbærnimarkmið ferðamálafestefnu

Eitt af mælanlegum markmiðum sem sett eru fram í ferðamálafestefnu er að auka hlutfall ráðstefnu-, hvata og viðburðagesta (MICE) í borginni í 15% fyrir árið 2025. Í þeim geira eru mælanlegir sjálfbærnistuðlar og vottanir sérstaklega mikilvægar, og í hratt vaxandi mæli, ráðandi þáttur þegar kemur að því að borgir séu valdar til að hýsa ráðstefnur og viðburði. Einn af mikilvægari stuðlunum hvað þetta varðar er svokallað GDS Index sem Höfuðborgarstofa hefur unnið með Meet in Reykjavík við að taka saman gögn og færa inn í ásamt starfsfólki frá Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar.

GDS Indexið (e. Global Destination Sustainability) er alþjóðlegt verkefni sem veitir viðmið og mælir sjálfbærni áfangastaða, ásamt því að veita leiðbeiningar og ráðgjöf um með hvaða hætti þeir geta eflt stefnumótun, innleiðingu og eftirfylgni í þessum málaflokki. Reykjavíkurborg er nú í 5. sæti yfir þær borgir sem taka þátt í verkefninu en Gautaborg í Svíþjóð hefur haldið 1. sætinu fimm ár í röð. Fyrir MICE markaðinn er mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg haldi góðri stöðu sinni á GDS-indexinu og stefnan tekin á enn hærra sæti.

Ferðamálafestofa og KPMG kynntu í ársbyrjun skýrslu sína Fjárhagsgreining - Staða og horfur í ferðaþjónustu við árslok 2021. Meðal helstu niðurstaðna var að stærsti vandi

ferðapjónustunnar nú sé mikil söfnun skammtímaskulda, og gangi spár um fjölda ferðamanna og þróun reksturs og efnahags greinarinnar eftir muni fjármunamyndun hennar illa ráða við skuldasöfnun sem átt hefur sér stað. Þann 4. febrúar 2022 undirrituðu ferðamálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir og framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Pétur Þ. Óskarsson, samning um framhald af markaðsverkefninu „Ísland saman í sókn.“ Af því tilefni sagði ráðherra að í ljósi þess að faraldurinn hefði dregist á langinn væri nauðsynlegt að halda verkefninu áfram og byggja þannig undir nauðsynlega viðspyrnu ferðapjónustunnar á árinu 2022.¹

¹ Nánari upplýsingar: <https://home.kpmg/is/is/home/insights/2022/02/stada-islenskrar-ferdathjonustu-askoranir-og-vidspyrna-2022.html> og <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/is/pdf/2022/02/Fjarhagsgreining-Vidspyrnan-askoranir-i-islenskri-ferdathjonustu-030222.pdf>

3 Græn borg

Áratugur aðgerða framundan í umhverfis- og loftslagsmálum

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.



Stefnumótun

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Reykjavík 2040 var samþykkt í borgarstjórn 9.október 2021. Breytingin felur í sér endurskoðun á völdum þáttum aðalskipulagsins, lengingu skipulagstímabils til ársins 2040 og almenna tæknilega uppfærslu skipulagsgagna. Breytingartillögur miða allar að því að tryggja betur framfylgd þeirrar sýnar og megin markmiða um sjálfbæra borgarþróun sem samþykkt voru með AR2010-2030 árið 2014.

Tillögur grundvallast einnig á áherslum sem koma fram í ýmsum öðrum samþykktum stefnuskjölum Reykjavíkurborgar, s.s. Húsnæðisáætlun, Loftslagsstefnu, Stefnu Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni og taka einnig mið af yfirstandandi stefnumörkun í öðrum málaflokkum s.s. gerð Græna plansins. Breytingarnar eru einnig í samræmi við meginmarkmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og markmið um uppbyggingu Borgarlínu, Loftslagsstefnu ríkisins, áherslur Landsskipulagsstefnu og markmið í öðrum stefnuskjölum stjórnvalda á sviði umhverfismála. Tillögurnar ganga einnig í takti við heimsmarkmið SP.

Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2021-2025 var samþykkt í borgarstjórn 2. mars 2021. Þar koma fram fjölmargar aðgerðir en dregnar eru fram helstu 15 aðgerðir og sett fram tölusett markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 300.000 tonn CO² ígilda til ársins 2030.

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Loftslagsmál

Þegar litið er til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík þá er horft til losunar í tvennu lagi. Í fyrsta lagi samfélagsleg losun í Reykjavík sem nær yfir allar athafnir innan borgarmarkanna og í öðru lagi losun frá rekstri og starfsemi borgarinnar.

Samfélagslegt loftslagsbókhald

Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík dróst verulega saman á milli áranna 2019 og 2020, úr 594.000 tonnum CO² ígilda í 535.000 eða um 60.000 tonn CO² ígilda þegar á heildina er litið. Stærsti hluti samdráttarins er vegna minni bílaumferðar árið 2020 og nam samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna um 50.000 tonnum CO² ígilda. Næststærsti hluti samdráttarins var vegna minni urðunar, eða tæp 10.000 tonn CO² ígilda.⁴

Losun frá rekstri Reykjavíkurborgar

Losun vegna starfsemi borgarinnar fyrir árið 2020 er talin fram í Grænu bókhaldi og var gefið út í apríl samhliða fjárhagsuppgjöri. Í fyrsta sinn síðan 2015 jókst losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára í rekstri Reykjavíkurborgar og var heildarlosun frá rekstri 2.113 tonn CO² ígilda árið 2020 en voru 1.831 árið 2019.

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

Árlegur Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar fór fram föstudaginn 19. nóvember. Landsvirkjun hlaut Loftslagsviðurkenningu Festu og Reykjavíkurborgar þetta árið. Sérstaka hvatningaviðurkenningu fékk verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður.

Reykjavík sækir um að verða ein af 100 loftslagsborgum Evrópu

Í lok árs gaf borgarráð Reykjavíkurborgar heimild til að sækja formlega um að vera ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030.

Orkuskipti

Á árinu voru veittir styrkir til fjöleignarhúsa til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Hleðslustöðvar fyrir 960 íbúðir í fjöleignarhúsum hafa verið settar upp en vilyrði um styrk veitt 1.448 íbúðum.

Á árinu voru gerðir samningar við nokkra eigendur bensínstöðvalóða um nýtt hlutverk þeirra þannig að lóðirnar nýtist undir íbúðir og atvinnuhúsnæði. Á fimmta tug bensínstöðva eru í Reykjavík og þær búa yfir landrými sem gæti rúmað allt að 1.400 íbúðir. Í tengslum við samninga við rekstraraðila bensínstöðva er gert ráð fyrir jarðefnaeldsneytisdeilum muni fækka úr 109 í 73 eða um 33%.

Hringrásarhagkerfið

Hirða á lífrænum eldhúsúrgangi hófst árið 2021 og er nú í boði í öllum hverfum Reykjavíkurborgar austan Elliðaána. Stefnt er á að þjónustan verði í boði í öðrum hverfum borgarinnar um mitt ár 2022.

Hjá Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar var mikið kynningarátak í gangi allt árið og starfsstaðir hvattir til nýskráninga. Á árinu fjölgaði þátttakendum verulega eða úr 118 í 250. Á árinu átti verkefnið 10 ára afmæli.

Vistvæn mannvirkjagerð

Framkvæmdir við nýjan leikskóla við Kleppsveg 150-152 hófust í október.

Í nóvember samþykkti borgarráð að stórauka fjárframlög til viðhalds og viðgerða á skólahúsnæði í borginni og verður 25-30 milljörðum varið til málaflokksins á næstu 5-7 árum.

Fyrsta laugin í 23 ár í Reykjavík opnaði í desember, Dalslaug. Sundlaugin er hluti af nýrri hverfamiðstöð í Úlfarsárdal. Í miðstöðinni er einnig nýtt bókasafn. Húsnæðið verður miðstöð mennta, menningar og íþróttar og mun gegna mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir alla íbúa á öllum aldri.

Reykjavíkurborg gekk frá samningi um nýtt eignaumsjónarkerfi fyrir viðhald fasteigna í eigu og/eða rekstri borgarinnar ásamt stofnanalóðum og almenningssvæðum í borgarlandinu. Með nýju kerfi verður betri yfirsýn og aukin skilvirkni í rekstri og viðhaldi á einu stærsta eignasafni landsins. Verkefnið er liður í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar.

Gönguvæn borg

Tillögur að deiliskipulagi fyrir fyrstu tvo áfanga í uppbyggingu Ártúnshöfða og Elliðaárvogs voru samþykktar til auglýsingar í júní. Ártúnshöfði, Elliðaárvogur er stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur og stefnt er að að svæðið verði umhverfisvottað í samræmi við BREEAM-vottunarkerfið.

Í september voru lagðar fram hönnunarleiðbeiningar fyrir nýtt hverfi í Skerjafirði. Þar eru lagðar markvissar línur fyrir vistvæna byggð en í leiðbeiningunum er sett fram heildarstefna um hönnun almenningsrýma á svæðinu.

HverfisSKIPulag fyrir öll hverfi Breiðholts var samþykkt í borgarráði í desember eftir formlegt og lögbundið kynningar- og samþykktarferli.

HverfisSKIPulag Háaleiti – Bústaðir eru í kynningu svo og hverfisSKIPulag Háteigshverfi, Hlíðar og Öskjuhlíðarhverfi

Á árinu fór fram forhönnun á göngugötuhluta Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs.

Verkhönnun Káratorgs lauk á árinu og hefjast framkvæmdir sumarið 2022. Við Tryggvagötu er komið nýtt almenningsrými og er orðið til nýtt torg við Tollhúsið.

Alls var 101 nýjum hjólastólarampi komið upp í Miðborginni á vegum Aðgengissjóðs sem hefur haldið utan um verkefnið Römpum upp Reykjavík.

21 hvílustæði var tekið í notkun í borginni í sumar. Hvílustæði eru svæði þar sem borgin hefur veitt rekstraraðilum afnot af útisvæðum við húsnæði þeirra, til að færa aukið líf í borgarlandið og hvetja fólk til að njóta sín utandyra. Alls voru 35 bílastæði lögð undir fólk í staðinn fyrir bíla.

Í ágúst samþykkti borgarráð breytingu á gjaldi íbúakorta. Með þeirri breytingu fá eigendur hreinna rafmagns- og vetnisbíla helningsafslátt. Á sama tíma var sveigjanleiki íbúa aukinn með gjaldtöku í hverjum mánuði.

Í desember samþykkti skipulags- og samgönguráð breytingu á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar út frá notkun þeirra.

Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

Í Öskjuhlíð er að verða til nýr lýðheilsustígur, Perlufestinn. Framkvæmdir við fyrsta áfanga stígsins hófust á árinu.

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla var sett í auglýsingu á árinu. Tilgangurinn er að bæta alla umgjörð í kringum umferð gangandi, hjólandi og ríðandi um svæðið til að styðja við góða upplifun fjölbreyttra útivistarhópa af þessu svæði í takt við náttúruna. Markmiðið er jafnframt að hlúa að svæðinu og stuðla að vernd þess.

Opin leiksvæði við Víðihlíð, Grænuhlíð, Ljósheima, Vesturás, Þverás, Deildarás og Kleifarveg voru endurgerð á árinu.

Sumarblómin sem prýddu borgina í sumar koma flest öll úr Ræktunarstöð Reykjavíkur. Gulur var þemaliturinn í ár en 180 tegundir og yrki mátti finna í blómaflórunni. Aðrar árstíðabundnar skreytingar um páska, haust og jól settu einnig sinn svip á borgina.

Vistvænar samgöngur

Ný hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt á árinu og kom fyrsti áfangi hennar til framkvæmda í lok árs. Haldið verður áfram við innleiðingu áætlunarinnar árið 2022.

Á árinu lauk hönnunarsamkeppni um nýja brú yfir Fossvog en hún er hluti af 1. áfanga Borgarlínunnar samkvæmt Samgöngusáttmálanum.

Undirbúningur fyrstu lotu Borgarlínu hófst á árinu og gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2022. Akstur Borgarlínu um innviði fyrstu lotunnar á að hefjast árið 2025.

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 var samþykkt í borgarstjórn í júní. Á árinu 2021 var stefnt að uppbyggingu á yfir 7 km af nýjum hjólastígum í Reykjavík fyrir um 1,4 milljarða króna af hjólreiðaáætlun borgarinnar og úr samgöngusáttmála.

Á árinu voru kynntar tillögur um Miklubrautarstokk og Vogabyggðarstokk. Vogabyggðarstokkurinn verður m.a. hluti af uppbyggingu fyrsta áfanga af Borgarlínu.

4 Borg fyrir fólk

Þróun borgarsamfélagsins til 2030

ENGIN SKILIN EFTIR

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Unnið er að ýmsum samfélagslegum þáttum til að græna umbreytingin komi öllum borgarbúum til góða og tryggi að engin verði skilin eftir.



Stefnumótun

Mætum grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi

Ný velferðarstefna Reykjavíkur til ársins 2030 var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021. Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði, stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn og tryggja að Reykjavík sé sannarlega fyrir okkur öll. Stefnan gildir til ársins 2030. Rauður þráður nýrrar velferðarstefnu er að öll þjónusta er skipulögð og framkvæmd út frá þörfum og vilja notenda. Henni fylgir einnig ítarleg aðgerðaáætlun fram til ársins 2025 með alls 58 tímasettum aðgerðum.

Í framhaldi af samþykkt velferðarstefnu hófst vinna við þær aðgerðir sem komu til framkvæmda á árinu 2021. Má þar helst nefna vinnu við umfangsmiklar stjórnkerfisbreytingar þar sem þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi og Kjalarnesi annars vegar og Árbæ og Grafarholti hins vegar verða sameinaðar auk þess sem vinna við stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar er hafin.

Aðgerðaáætlun gegn sárafátækt var samþykkt í október 2020. Í henni má finna aðgerðir sem miða að því að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Lagðar voru fram fimm tillögur og 15 aðgerðir með 15 mælikvörðum. Ellefu aðgerðum/tillögum hefur verið lokið, átta eru í vinnslu og ein ekki hafin.

Áfram var unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur á grundvelli almennra aðgerða og þróunar- og nýsköpunarverkefna í skóla- og frístundastarfi.²

Menntastefnumótið, rafræn uppskeruhátíð fyrstu þriggja áranna í innleiðingu menntastefnunnar var haldið 10. maí. Þar birtust yfir hundrað erindi frá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs (SFS), hægt var að hlýða á erindi um menntamál frá erlendum

² Allar skýrslur um innleiðingu stefnunnar má nálgast á <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

og innlendum sérfræðingum og sækja námskeið í rauntíma í gegnum fjarfundabúnað. Allir starfsstaðir SFS í borginni tóku þátt í deginum og skipulögð var dagskrá sem samstarfsfólk gat upplifað í sameiningu, hver á sínum starfsstað en heildarefni mótsins telur um 38 klukkustundir.

Í janúar 2021 tók til starfa framtíðarhópur í menntamálum sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur að almennum aðgerðum til næstu þriggja ára, þar sem tímabili fyrstu almennu aðgerðanna sem samþykktar voru árið 2018 rann sitt skeið í árslok 2021. Framtíðarhópurinn lauk störfum í október 2021 og lagði fram tíu almennar aðgerðir fyrir tímabilið 2022-2024 sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði 9. nóvember.³

Þá var á árinu lögð lokahönd á undirbúning viðamikils námskeiðs fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi sem skipulagt var í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en námskeiðið sem ber heitið „Leiðtogi framtíðarinnar er teymið“ hófst í október fyrir tvo borgarhluta.

Áætlanir um uppbyggingu og viðhald húsnæðis

Grunnpörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi er mætt meðal annars með framkvæmd áætlana um uppbyggingu og viðhald húsnæðis. Fjölgun og uppbygging var á félagslegu húsnæði á árinu. Þrír íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk tóku til starfa. Auk þess var fjölgun á húsnæði með stuðningi. Fyrir heimilislausa voru sjö smáhús tekin í notkun. Á árinu 2021 var alls fjölgað um 118 almennar félagslegar íbúðir, þar af voru keyptar af Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar alls 31 íbúð.

Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.

Unnið hefur verið að viðamiklum framkvæmdum þegar kemur að húsnæði og lóðum fyrir skóla- og frístundastarf en það verkefni er unnið í þéttu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. Í ársfjórðungsskýrslum Græna plansins er fjallað um einstaka framkvæmdir en yfirlit yfir heildarframkvæmdir á árinu má nálgast í stöðuskýrslu vegna innleiðingar menntastefnu árið 2021. Unnið var að framkvæmdum á grunni áætlunar um Brúum bilið sem lýtur að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík. Þá var á árinu unnið að mótun Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf en hún var lögð fyrir borgarráð í drögum í nóvember og fór að því loknu í umsagnarferli.⁴ Vinnu við stefnuna lauk í árslok. Í greinargerð um stefnuna segir: *Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda*

³ Sjá aðgerðir hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/12_sfs_almennar_adgerdir_menntastefnu.pdf

⁴ Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/226_6.1_stefna_bygg_skola-og_fristundastarf_x11.pdf

menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Grænu plani“ Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öfluggu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Fólk í fyrirrúmi

Grunnskólalíkanið Edda var samþykkt í borgarráði 28. september 2021. Reynslutímabil líkansins verður frá 1. janúar 2022 - 31. desember 2023 og tekur líkanið mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar. Nýlunda er í líkaninu sem hefur það að markmiði að stuðla að auknu jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið er tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna með því að byggja á LOI (e. learning opportunity index) en LOI er stuðull sem reiknaður er út fyrir grunnskóla og er ætlað að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins. Reiknilíkanið tekur mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, þar með talinni viðmiðunarstundaskrá. Við útfærslu verður lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar auk þess sem stefnt er að því að leita ávallt bestu leiða við lausn verkefnisins með hagkvæmni og hagsmuni borgarinnar í huga.⁵

Verkefnið Betri borg fyrir börn (BBB) er hluti af tillögum stýrihóps um breytt fyrirkomulag á þjónustu borgarinnar um að bæta þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra sem og starfsfólk starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs. Meginmarkmiðið er að auka skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum en verkefnið hvílir meðal annars á nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, áherslum Menntastefnu Reykjavíkur og Velferðarstefnu Reykjavíkur. Leiðarljós BBB verkefnisins er að gera þjónustuna aðgengilega, notendavæna, heildstæða og gagnadrifna. Með tilliti til BBB og skólaþjónustu er markmiðið að dreifstýra þjónustunni og færa undir eitt þak yfirstjórnir starfseininganna til að geta með markvissari hætti undirbúið borgina fyrir ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Vörðurnar í þessari samvinnu eru endurbættir verkferlar, markvissari rýni á fyrirliggjandi gögn á öllum þjónustustigum, mat á þeim stuðningi sem lagður er til og markviss skráning á allri þjónustu og nálgun. Þannig er unnið að því markmiði að þjónustan verði samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra. Stafrænt teymi á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs vinnur að nýju stafrænu kerfi til að halda utan um alla vinnslu og afleidda þjónustu í gegnum vinnsluna þannig að foreldri og starfsmaður hafi greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem skipta máli í tengslum við vinnslu mála. Ráðnir voru fagstjórar leikskóla og grunnskóla í hvern borgarhluta sem ásamt framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs vinna að því að skipuleggja starfið í borgarhlutunum fjórum með það að markmiði að færa þjónustuna nær börnum og fjölskyldum þeirra.

Unnið var að innleiðingu nýs innritunarkerfis í grunnskólum og á frístundaheimilum borgarinnar í samstarfi skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs en

⁵ Hægt er að kynna sér hugmyndafræði líkansins í þessu myndbandi: <https://vimeo.com/653672707/86724789b4>

verkefnið var unnið í Gróðurhúsinu. Markmiðið þess er að bæta þjónustu við foreldra þegar kemur að innritun og utanumhaldi upplýsinga vegna grunnskólabyrjunar og flutnings úr leikskóla í grunnskóla. Verkefnið er liður í stafrænni vegferð borgarinnar og auknu samráði við notendur sem fjallað verður um hér að neðan.

Velferðartækni

Áframhaldandi þróun er á sviði velferðartækni. Meðal stærstu verkefna velferðarstæknismiðju eru skjáheimsóknir í heimahjúkrun og heimaþjónustu og sjálfvirkir lyfjaskammtarar. Við árslok 2021 var staðan með skjáheimsóknir sú að öll stærri tæknileg úrlausnarefni skjáheimsókna hafa verið leyst og nýskráðum notendum fjölgar jafnt og þétt. Niðurstöður árangursmælinga staðfesta að notendur hafa jákvæða upplifun og öryggi af því að fá þjónustu í gegnum skjáheimsóknir.

Prófanir eru í gangi á sjálfvirkum lyfjaskömmtum og eru prófanir í gangi. Niðurstöður árangursmælinga staðfesta að notendur hafa jákvæða upplifun og öryggi af því að fá þjónustu í gegnum skjáheimsóknir. Prófanir ganga vel og fyrstu árangursmælingar gefa til kynna að þjónustuþegar séu ánægðir með tækið og finnist það einfalt í notkun. Þjónustutímar með fyrstu 16 notendum fóru samtals úr 327 klst. í 139 klst. á mánuði.

Notendasamráð og notendakannanir

Í velferðarþjónustu hefur markvisst verið unnið að því að auka umfang notendasamráðs og notendakannana. Lögð er áhersla á að samtal og kannanir séu á nokkrum tungumálum og að fólki með skert tjáskipti sé mætt til að fá fram raddir sem flestra. Á árinu 2021 var unnið að fjölmörgum könnunum þar sem helst að nefna að í apríl var framkvæmd viðamikil aðgengiskönnun meðal notenda velferðarsviðs þar sem kallað var eftir óskum þeirra hvernig þeir vilja sækja um þjónustu til sviðsins og eiga samskipti um þjónustuna.⁶ Niðurstöður voru nýttar inn í vinnu við velferðarstefnu og aðgerðaáætlun með velferðarstefnu. Þar komu fram sterkar óskir notenda um að nálgast þjónustuna með rafrænum hætti. Stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar er m.a. ákall við þeim óskum.

Um mitt ár voru framkvæmdar notendakannanir meðal eldri borgara í þjónustuíbúðum, dagdvöl og heimaþjónustu. Þar kom fram að frá 82-100% notenda eru ánægð með þjónustuna sem þau nýta.⁷

Á tímabilinu maí-nóvember 2021 var framkvæmd ein umfangsmesta könnun sem ráðist hefur verið í á Íslandi meðal fatlaðs fólks. Íbúar á íbúðakjörnum og sambýlum Reykjavíkurborgar var spurt um sjálfstætt líf og nýtingu tækninnar í daglegu lífi. Framkvæmd voru einstaklingsviðtöl og var stuðst við nokkrar tegundir spurningalista til að koma til móts við ólíkar tjáskiptaleiðir fólks. Sömuleiðis var stuðst við gæðaviðmið Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Könnunin var styrkt af Jöfnunarsjóði

⁶ Hér má nálgast niðurstöður aðgengiskönnunarinnar: <https://infogram.com/adgengi-ad-thjonustunni-heildarnidurstodur-1hdw2jp0p7ykp2l?live>

⁷ Helstu niðurstöður má finna hér: <https://infogram.com/oldungarrad-thjonustukonnun-samanburdur-a-milli-thriggja-1hol16vo3e0q1x4n?live>

sveitarfélaga. Heildarniðurstöður sýna að flestir íbúar upplifa sig lifa sjálfstæðu lífi. Sem dæmi sögðu 82% íbúa að þeir gætu gert hluti sem þá langar til eins og að hitta vini og sinna áhugamálum og 81% segjast komast ferða sinna þegar þeir vilja (t.d. út í búð, sund, félagsstarf).⁸

Unnið var að frumútgáfu nýs innritunarkerfis fyrir grunnskóla og frístundaheimili á árinu og fóru notendaprófanir fram í lok ársins. Fjölbreyttar kannanir voru lagðar fyrir foreldra á árinu en markmiðið með þeim er að gefa foreldrum tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi starfsemina í skóla- og frístundastarfi, líðan barna, endurgjöf til stjórnenda og starfsfólks á þeirra störf sem veita upplýsingar sem nýtast við að bæta starfið. Þá eru kannanirnar hluti af eftirliti með starfsemi starfsstaða. Hér fyrir neðan eru taldar upp nokkrar af þessum könnunum.

- Foreldrakönnun barna í leikskólum – Alls fengu foreldrar 5.462 barna í borgarreknum leikskólum, sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík og 5 ára deildum Landakots- og Ísaksskóla könnunina senda, 4.473 svör bárust og var svarhlutfallið því 82%.
- Foreldrakönnun barna á frístundaheimilum – Alls fengu foreldrar 3.508 barna almennu könnunina senda, 2.647 svör bárust og var svarhlutfallið því 75,5%.
- Foreldrakönnun barna í sumarstarfi frístundaheimilanna – Alls fengu foreldrar 2.481 barna almennu könnunina senda, 1.1448 svör bárust og var svarhlutfallið því 58%.
- Foreldrakönnun barna í 2.-4. bekk Fossvogsskóla – tilgangurinn var að fá fram viðhorf foreldra til þess húsnæðis sem í boði var fyrir kennslu barna í 2.-4. bekk skólans vegna óviðunandi starfsaðstæðna í aðalbyggingu skólans.

Þá hefur samráð við börn og ungmenni um þeirra sýn og reynslu mikil áhrif á þróun verkefna hjá SFS. Á árinu 2021 fengu allir nemendur í 9. bekk í Reykjavík póstkort þar sem þeir voru beðnir að velja þema fyrir Viku6, árlegt verkefni um aukna kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Tæplega 700 nemendur tóku þátt í að velja þema ársins sem var *Kynlíf* (af hverju, hvenær, með hverjum, hvernig).

Líðan barna og unglinga

Fylgst er með líðan barna og unglinga í reglubundnum könnunum en Rannsókn og greining vinnur árlega að könnun um heilsu og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Þá eru nemendakannanir Skólapúlsins lagðar fyrir úrtök nemenda yfir allt árið og niðurstöðurnar birtar í skólaskýrslum sem hver skóli hefur aðgang að í gegnum vefkerfi og í skólavog Skólapúlsins sem birti heildarniðurstöður í byrjun júní. Haldinn var kynningarfundur fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi í upphafi skólaársins þar sem fjallað var um niðurstöður könnunarinnar, rætt um áhrif COVID-19 faraldursins á lýðheilsu barna, nýja lýðheilsustefnu borgarinnar og sagt frá Flotanum, flakkandi félagsmiðstöð sem heldur úti starfsemi í öllum hverfum borgarinnar. Markmið Flotans er að bregðast við áhættuhegðun unglinga, setja af stað

⁸ Allar niðurstöður má nálgast hér: <https://reykjavik.is/konnun-medal-fatlads-folks-i-ibudakjornum-og-sambylum>

vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi og skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglinga með annað móðurmál en íslensku.

Vinnu- og virkniúrræði

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í lok árs 2020 að stofna sérstakt Virkniús. Í Virkniúsi getur fólk nálgast margþættar leiðir í endurhæfingu fyrir þátttöku á vinnumarkaði eða í átt til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Markmiðið með starfseminni er fyrst og fremst að bæta lífsgæði fólks og auka tækifæri þess í lífinu með áherslu á sjálfsstyrkingu, nám og bata. Í Virkniúsi er haldið utan um öll virkniúrræði velferðarviðs borgarinnar á einum stað, þ.e. Grettistak, Kvennasmiðju, IPS-ráðgjöf, Tinnu og Bataskólann. Virkniúsinu hefur sömuleiðis verið falið að hafa yfirsýn yfir slík úrræði á vegum félagasamtaka. Með því að sameina úrræðin á einn stað má minnka flækjustig, einfalda utanumhald og skapa fjölbreyttari tækifæri fyrir þau sem eru að stíga skrefin aftur út í samfélagið. Virkniús sameinaðist undir einu þaki á síðasta ársfjórðungi 2021 í Borgartúni. Næstu skref er að Atvinnu- og virknimiðlun, sem hefur verið samstarfsverkefni mannauðs- og starfsumhverfissviðs og velferðasviðs, muni bætast undir starfsemi Virkniúss. Með þeirri aðgerð verður aukin samlegð milli úrræða, námskeiða og aðgengi að endurhæfingu sem heyra undir Virkniús.

Menntun fyrir alla

Menntun fyrir alla á öllum aldursskeiðum er lykilþáttur í starfsemi borgarinnar. Börn og unglingar eru bæði í formlegu og óformlegu námi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Unnið er að stafrænni vegferð í skóla- og frístundastarfi í gegnum átaksverkefnið „Stafræn gróska“ þar sem lögð er áhersla þróun kennslu- og starfshátta, aukna kennsluráðgjöf og valdeflingu starfsfólks, barna og ungmenna í gegnum tækni og sköpun. Hver nemandi hefur eigið tæki til umráða en á árinu voru afhent hátt í 5000 tæki til nemenda auk þess sem Búnaðarbanki skóla- og frístundasviðs og starfsemi Mixtúru um framsækna tækni var í miklum vexti. Á grunni menntastefnu Reykjavíkurborgar er unnið að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri og eru fjölmörg slík verkefni í gangi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.⁹

Markviss styrkjasókn í Evrópustyrki, sérstaklega Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, styður við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur með því að skapa tækifæri fyrir starfsfólk sviðsins til að kynnast nýjustu stefnum og straumum í menntamálum í Evrópu. Þann fyrsta september hófst fyrsta árið þar sem skóla- og frístundasvið er með aðild að Erasmus+. Þessi aðild tryggir árlega styrki fyrir 60-80 starfsmenn í leikskólum og grunnskólum til að skipuleggja námsheimsóknir og sækja námskeið í Evrópu.

⁹ Hægt er að nálgast upplýsingar um þau verkefni í stöðuskýrslu vegna innleiðingar menntastefnu 2021: <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Unnið er samkvæmt áætlunum við að efla stuðning við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi til að tryggja virka þátttöku þeirra, árangur og framfarir í námi. Verkefnið “Velkomin í hverfið” hefur nú verið innleitt í grunnskólum allra hverfa en innleiðing verkefnisins í leikskóla er að hefjast. Tvö íslenskuver tóku til starfa í ágúst 2021 og lögð voru drög að opnun tveggja vera til viðbótar á árinu. Markmiðið með íslenskuverunum er að koma betur til móts við þarfir fjöltyngdra grunnskólanemenda sem hefja nám hér á landi í fyrsta sinn og eru í þriðja til tíunda bekk. Unnið er að innleiðingu á stöðumati í grunnskólum fyrir nýja nemendur en Miðja máls og læsis styður við þá vinnu. Í leikskólum er unnið að innleiðingu hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd leikskólabörn og voru haldnir kynningarfundir fyrir starfsfólk og stjórnendur á tímabilinu.

Regnbogavottun Reykjavíkurborgar hefur verið innleidd hjá starfstöðum borgarinnar og hafa nú hátt í 30 starfseiningar fengið vottunina. Með henni hefur starfsfólk öðlast meiri skilning á stöðu hinsegin fólks, bætt starfsumhverfi sitt og gert þjónustuna hinseginvænni. Einnig hefur ráðgjöf og fræðsla um trans börn verið veitt. Um er að ræða viðkvæman hóp og oft á tíðum er takmörkuð þekking á honum. Samhliða því að bjóða upp á fræðslu um trans börn og önnur hinsegin börn, hafa verið settar upp vefsíður með upplýsingum, gátlistum, stuðningsáætlun og ábendingum á efni um hinsegin börn og trans börn sérstaklega sem nýttast öllum þeim sem starfa með börnum.

Bætt lýðheilsa

Drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur voru lögð fram til kynningar í borgarráði í maí 2021 og til fyrri umræðu í borgarstjórn 1. júní 2021. Stefnudrögin voru til birtingar og samráðs á Betri Reykjavík til ágúst 2021 og lýðheilsustefna ásamt aðgerðaáætlun samþykkt af borgarráði í október. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru vel á fjórða tug aðgerða sem ætlað er að vinna að þremur meginmarkmiðum stefnunnar; a) Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum, b) Jöfnuður til heilsu og vellíðanar – enginn skilinn eftir og c) Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar. Aðgerðir stefnunnar dreifast á öll fagsvið Reykjavíkurborgar auk þess sem áhersla er á þátttöku í heilsueflandi leik- og grunnskólastarfi og heilsueflandi eldri borgara í samstarfi við Landlæknisembættið.

Faghópur um lýðheilsu var stofnaður ásamt stýrihópi. Hópurinn sinnir hlutverki stýrihóps heilsueflandi samfélags, styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaráætlunar hennar. Hópurinn er jafnframt ráðgefandi fyrir svið borgarinnar í málefnum á sviði lýðheilsu.

Hluti af lýðheilsustefnunni er einnig innleiðing matarstefnu 2018-2022. Í nóvember 2021 samþykkti borgarráð að unnið yrði að útboði varðandi sameiginlegt eldhúsumsjónarkerfi fyrir bæði velferðar- og skóla- og frístundasvið. Kerfinu er ætlað að reikna kolefnisspor máltíða, næringarsamsetningu, innkaup, kælleleiðir og fleira.

Unnið var að lýðheilsumati á áhrifum COVID-19 faraldursins og samfélagslegra takmarkana vegna hans á lýðheilsu eftir hópum innan samfélagsins. Skýrsla var lögð fyrir borgarráð 6. desember 2021.

Menning í Reykjavík

Þrátt fyrir heimsfaraldur og samkomutakmarkanir var lífleg menning í Reykjavík árið 2021. Á árinu voru haldnir rúmlega 500 viðburðir á vegum menningastofanna borgarinnar og borgarhátíða.

Ný menningarstefna Reykjavíkur var unninn í breiðu samráði við grasrótina og menningargeirann á árinu. Stefnan var samþykkt í borgarráði 16. nóvember. Hún byggir á þremur megináherslum; 1. Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, 2. Reykjavík - borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og 3. Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar.

Á árinu samþykkti borgarráð stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur og þáði um leið gjöf Unu Dóru Copley og eiginmanns hennar heitnum, Scott Jeffries á um 1.500 verkum eftir myndlistakonuna Nínu Tryggvadóttur. Borgarráð samþykkti í lok september að gengið yrði frá kaupum á hlut Faxaflóahafnar í Hafnarhúsinu. Þar verður safn Nínu Tryggvadóttur, Listasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Undirbúningur fyrir “flugráð” um hús myndlistar var á árinu og verða niðurstöður þess kynntar snemma árs 2022. Eins var samkeppni um nýtt Grófarhús, Borgarbókasafnsins unnin í skapandi ferli og koma niðurstöður úr samkeppninni einnig snemma á árinu 2022. Borgarbókasafnið opnaði í ársbyrjun nýtt útibú í Úlfarsárdal og er safnið á sundlaugarbakkanum strax orðið hjarta hverfisins.

Tvenn handritaverðlaun voru afhent á árinu og styður Reykjavík við nýsköpun í ritlist í ljóðum, barna- og ungmennabókmenntum í nafni Tómasar Guðmundssonar annarsvegar og Guðrúnar Helgadóttur hins vegar og eru bæði verðlaunin mikils metin. Rétt er að nefna að verðlaunahandrit úr Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur árið 2020 hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í janúar 2021.

Tónlistarborgin Reykjavík í samstarfi við ÚTÓN og STEF, stóð fyrir sannkallaðri tónlistarviku dagana 2.-5. nóvember þegar borgina heimsóttu 85 fagmenn úr tónlistarlífi Evrópu og kynntu sér allt sem tónlistarborgin Reykjavík hefur upp á að bjóða, tónlistarfólk, hljóðver og tónleika aðstöðu.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur fagnaði 40 ára starfsafmæli sínu í árslok með útgáfu veglegrar ljósmyndabókar í nóvember og sýningaropnun á Austurvelli. Afmælisritið heitir *Nætur sem dagar* og er 216 blaðsíðna rit með 222 myndum úr safnkostinum, eftir um 70 myndhöfunda. Bókin veitir sýn á þann mikla sjónræna fjársjóð sem finna má á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en safnið telur alls á sjöundu milljón mynda af ýmsum toga. Af sama tilefni var opnuð ljósmyndasýning við Austurvöll, þar sem úrval mynda úr bókinni er til sýnis.

Íþróttir í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar 21. apríl 2020 var samþykkt stefna í íþróttamálum í Reykjavík til ársins 2030 sem var mótuð á breiðum grunni með aðkomu fjölda hagsmunaaðila. Framtíðarsýn fyrir árið 2030 er, að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Markmiðið 2030 er að lágmarki 70% íbúa stundi rösklega hreyfingu í 30 mínútur eða meira að lágmarki þrisvar í viku. Til að skýra betur innihald framtíðarsýnar og til að ná henni hafa fimm stefnuáherslur verið skilgreindar. 1. Íþróttir, líkamsrækt og hreyfing er fyrir alla á öllum æviskeiðum. 2. Öll börn og unglingar hafi tækifæri til þess að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi. 3. Framúrskarandi keppnis og afreksfólk sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar. 4. Uppbygging og rekstur hagkvæmrar aðstöðu til íþróttaiðkunar og hreyfingar sem hentar vel þörfum hverju sinni. 5. Skipulögð umgjörð, gott samstarf og stuðningur við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga.

Sundlaugar

Sundlaugarmenning Íslendinga er einstök og skipa sundlaugarnar stóran sess í lífi margra. ÍTR rekur sjö sundlaugar og er viðskiptavinahópurinn fjölbreyttur. Nemendur allra skólastiga sækja þar kennslu og iðkendur íþróttafélaga æfa þar og keppa. Þá hafa þær einnig fjölbættu hlutverki að gegna til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind.

Vegna sóttvarnareglna hafa sundlaugarnar ekki haft fulla starfsemi líkt og í venjulegu árferði. Árið 2021 hafa sundlaugarnar verið lokaðar í samtals 21 dag og opnar með takmörkunum í 160 daga þ.e. það hefur verið skert starfsemi í u.þ.b 6 mánuði. Sundlaugarnar gátu tekið á móti 50% af leyfilegum fjölda frá 1. janúar – 23. febrúar og frá 15. apríl – 9. maí síðan voru 75% takmarkanir í sundlaugunum frá 24. febrúar – 24. mars, 10. maí – 24. maí og frá 25. júlí – 1. september. Þann 25. mars til 14. apríl voru allar sundlaugar lokaðar.

Dalslaug í Úlfarsárdal opnaði í lok árs 2021 og var til að byrja með eingöngu notuð fyrir skólasund en full starfsemi er í lauginni í dag. Í íþróttamannvirkinu er einnig að finna bókasafn.

Frístundakort

Miklar breytingar voru gerðar við úthlutun Frístundakorts á árinu 2021. Frístundakortakerfi Rafrænnar Reykjavíkur sem haldið hafði utan um ráðstafanir frá því að Frístundakortið var sett á laggirnar 2007 var lagt niður þann 1. janúar og í stað þess kom nýtt kerfi, Hvati sem heldur utan um ráðstafanir. Í kjölfar nýja kerfisins sem tekið var í notkun 1. janúar 2021 voru samningar um frístundakortið endurnýjaðir við öll félög og í ágúst 2021 tók ÍTR upp rafrænar undirskriftir frístundasamninga sem hefur bætt ferlið til muna.

5 Stoðaðgerðir

Sviðsmynda- og áhættugreiningar

Sviðsmyndir um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 voru tilbúnar í nóvember 2021 eftir yfirferð með vinnuhópi um Græna planið og fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Skýrslan var kynnt fyrir fjármálahópi Reykjavíkurborgar 2. febrúar 2022 og lögð fram sem hluti af gögnum í tengslum við nýja atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur til ársins 2030 sem samþykkt var í borgarstjórn 5. apríl 2022.

Stafræna umbreytingin

Stafræna umbreytingin felur í sér að ná fram efnahagslegri og umhverfisvænni hagræðingu í starfsemi borgarinnar á þann hátt að upplýsingatækni sé nýtt á skynsaman og upplýsandi hátt. Upplýsingatæknin verði drifkraftur í allri nýsköpun og endurmótun borgarinnar. Áfram er unnið að því að styrkja grunninnviði hjá borginni með það að leiðarljósi að til verði skilvirkur farvegur fyrir stafræna umbreytingu borgarinnar. Teymi af stafrænum leiðtogum er byrjað að vinna í því að greina stafrænar áherslur og forgangsröðun innan sviða og utan. Mannauðurinn hefur vaxið hratt og mikil þekkingaruppbygging á sér stað ásamt uppsetningu á ferlum og skipulagi á auðlindum. Innleiðing á grunni að framkvæmd fyrir innkaup á grænni upplýsingatæknirekstri er yfirstandandi.

Stafrænir leiðtogar sviða tóku til starfa á árinu og hafa verið ómissandi þáttur í að aðstoða og halda utan um stefnu og sýn á hverju sviði sem snýr að stafrænu umbreytingunni.

Uppfærð útgáfa af vefsvæði borgarinnar var sett í loftið í beta-útgáfu og unnið úr ábendingum á því. Ensk þýðing vefsvæðisins var sett upp með aðstoð vélþýðinga. Nýtt útlit fyrir mínar síður hefur verið sett upp og fyrsta stafræna ferlið þar leit dagsins ljós sem snéri að stuðningsþjónustu. Sérstakt teymi var stofnað til að byrja að endurhanna ferli grunnskólainnritunar frá grunni. Prufukeysla á innleiðingu á Office 365 var framkvæmd og undirbúningur hafinn fyrir víðtækari innleiðingu. Byrjað var á viðamikilli búnaðardreifingu í skólaumhverfið til stuðnings í verkefninu „Stafræn gróska“ og innleiðing á nýju skjalavistunarkerfi borgarinnar hélt áfram. Uppsetning og innleiðing á vöruhúsi gagna fyrir borgina byrjaði en það mun gjörbreyta allri gangavinnslu hjá borginni á næstu árum. Við lok árs var innleiðing á rafrænum undirritunum langt komin. Þá var innkaupaferlum við nýja samskiptalausn, starfsumsóknakerfi og fræðslukerfi lokið á árinu og byrjað á undirbúningu fyrir innleiðingu árið 2022.

Þjónustustefnan er einn helsti drifkraftur stafrænna umbreytinga. En stefnan var endurskoðuð og tekið stöðumat á henni. Í þeirri vinnu kom í ljós að síðan stefnan var

samþykkt hafa orðið ákveðin þáttaskil í þjónustu borgarinnar varðandi stafrænar lausnir. Skerpt var á ýmsum þáttum stefnunnar en ekki talin sérstök ástæða til að umbreyta henni enda um langtíma verkefni að ræða sem snýst að miklu leyti um breytingu á hugarfari sem krefst samstöðu og skuldbindingar hjá öllu starfsfólki borgarinnar.

6 Samvinna við fyrirtæki borgarinnar

Í ársbyrjun 2021 voru samþykkt erindisbréf fyrir fjóra starfshópa til að efla samvinnu Reykjavíkurborgar við B-hlutafyrirtækin. Í starfshópunum sátu fulltrúar borgarinnar og B-hlutafélaganna jafnframt þess sem samráð var við aðra hagsmuna aðila.

Starfshóparnir voru:

- a. Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.
- b. Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.
- c. Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.
- d. Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkfé til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.

Starfshóparnir skiluðu niðurstöðum í byrjun júní og þann 14. júní voru tillögur þeirra kynntar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Tillögurnar ávörpuðu m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og hvernig mætti treysta það betur í sessi. Nokkurn tíma tók að útfæra tillögurnar en þeim hefur öllum verið komið í viðeigandi farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðeigandi sviðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við viðeigandi starfshópa en þær eru hluti af eigendastefnu Reykjavíkurborgar. Áfram er gert ráð fyrir reglubundnu samráði milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið undir forystu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Á meðal tillagna borgarstjóra sem voru samþykktar var skipan framhaldsstarfshóps borgarinnar og B-hluta fyrirtækja, auk Betri samgangna ohf. um hröð orkuskipti í Reykjavík. Þá verða verkefni sem heyra undir einstök félög – Veitur og Sorpu, rædd að frumkvæði Reykjavíkurborgar á eigendafundum og/eða innan stjórna fyrirtækjanna, og þeim fundinn farvegur innan fyrirtækjanna í samstarfi við starfshóp um Hringrásarhagkerfið. Einn starfshópurinn undirbjó umsókn til Evrópusambandsins um að Reykjavíkurborg verði þátttakandi í Evrópusamstarfi um hundrað kolefnishlutlausar og snjallar borgir. Umsóknarfrestur var í lok janúar 2022. Unnin var ítarleg umsókn með stuðningi starfsfólks víða að úr starfsemi Reykjavíkurborgar. Stefnumótun síðastliðinna ára og aðgerðir voru grunnurinn að umsókninni og má þar helst nefna Aðalskipulag, loftslagsáætlun, Græna planið, samgöngusáttmálann og stefnu um líffræðilega

fjölbreytni. Einnig var stuðst við fyrrnefndar tillögur um hringrásarhagkerfi og orkuskipti. Alls sóttu 377 borgir um að verða hluti af leiðangrinum. Þann 29. apríl 2022 var staðfest að Reykjavíkurborg verður ein af þessum 100 borgum í Evrópusamstarfinu sem er glæsilegur áfangi. Leiðangurinn hvílir á grunni Græna sáttmála Evrópusambandsins (European Green Deal) sem miðar að því að ná kolefnishlutleysi í Evrópu fyrir árið 2050. Í uppleggi að leiðangrinum, „Horizon Europe Mission, Climate Neutral and Smart Cities 2030 – by and for the Citizens“, er rík áhersla lögð á lýðræðislegt samráð og nýjar aðferðir í að stýra verkefnum innan borga og flyta vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi. Megin hindrunin í vegi þeirra breytinga sem þurfa að verða til að mæta loftslagsvá er ekki skortur á tæknilausnum, heldur getan til að hrinda þeim í framkvæmd. Mælt er með því að borgir brjótist út úr lóðréttu skipulagi líkt og Reykjavíkurborg gerði við mótun Græna plansins. Í Horizon Europe er miðað við að kerfisbreyting verði gerð til að fjárfesta í aðgerðum gegn loftslagsvánni sem myndi byggja á þremur meginreglum:

- Heildstæðri nálgun til að ýta undir nýsköpun og innleiðingu.
- Ítarlegu virku samráði sem yrði byggt inn í skipulag.
- Þétta samstarfi milli ólíkra hagaðila.

Þetta kallar á nýsköpun í stjórnsýslu og enn frekara samstarf borgarinnar við einkageirann, háskólasamfélagið og frjáls félagasamtök.

7 Innleiðing sjálfbærnistaðla

Til að mæla árangur Græna plansins horfir Reykjavíkurborg til innleiðingar staðla sem mæla sjálfbærni. Reykjavíkurborg skrifaði í september 2020 undir samning um að innleiða staðlafjölskylduna ISO 37120, um sjálfbærar borgir og samfélög frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD). Staðlarnir mæla umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borgarinnar og styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hjá borgum. Reykjavíkurborg mun innleiða þrjá ISO staðla um sjálfbærar borgir og samfélög. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Vottun verður svo veitt árlega eftir því hve mörgum mælikvörðum verður skilað inn hverju sinni.

Tveimur af þremur stöðlunum hafa nú verið skilað til samtakanna WCCD en þau aðstoða borgina í þessu verkefni. Fyrsti staðallinn snýr að því að mæla þjónustuveitingu borgarinnar og lífsgæði íbúa hennar. Annar staðallinn snýr að því að mæla framþróun í snjallvæðingu borgarinnar, þ.e. að mæla árangur hennar og þroskaferli í stafrænni vegferð og tækni- og nútímavæðingu. Þriðji staðallinn snýr að því að mæla seiglu borgarinnar, þ.e. hversu vel hún er í stakk búinn til þess að takast á við allskyns áföll af völdum náttúrhamfara, loftslagsbreytinga, netárása og fleira.

Nú vinnur borgin að innleiðingu seiglustaðalsins og hefur sína fyrstu árlegu uppfærslu þjónustustaðalsins – en allir staðlarnir verða uppfærðir árlega eftir innleiðingu á meðan á þriggja ára samningstímabili stendur. Einnig á sér stað samtal við ábyrgðaraðila

sviðanna í þessari vinnu en þau munu taka samtalið áfram við sitt svið um notkun mælikvarðanna til þess að fylgjast með árangri stefna og verkefna sviðsins.

Fyrir á árinu 2021 hlaut Reykjavíkurborg hæstu gæðavottun fyrir þjónustustaðalinn og lof fyrir gæði gagna auk fjölda mælikvarða sem skilað var inn. Einnig hlaut hún svokallaða fyrstu-borgarvottun fyrir snjallborgarstaðalinn þar sem hún var í hópi fyrstu borga heims við innleiðingu hans. Innleiðingin gekk óvenjuhratt fyrir sig og hlaut borgin sömuleiðis lof fyrir vönduð vinnubrögð. Svo gæti orðið að borgin verði allra fyrsta borg heims til þess að innleiða seiglustaðalinn en innleiðingu hans lýkur vorið 2022.


Markmið Reykjavíkurborgar með innleiðingu þessara sjálfbærnistaðla er að kortleggja stöðu borgarinnar í dag til þess að geta tekið gagnadrifnari ákvarðanir, mælt árangur miðlægra stefna borgarinnar og stillt seglin eftir því sem niðurstöður segja okkur. Hægt verður að fylgjast með stöðu borgarinnar á alþjóðavísu í gegnum samanburðargrunn WCCD, sem leiðarljós í því að betrubæta borgarumhverfið á öruggan hátt og til þess að kortleggja áherslur Heimsmarkmiðavinnu borgarinnar.

8 Samantekt

Yfirliti yfir innleiðingu Græna plansins fyrir 2021 er ætlað að veita greinargóða yfirsýn yfir stöðu innleiðingarinnar og framkvæmd einstakra aðgerða og áætlana. Mikil vinna hefur verið lögð í að bregðast við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér og í að taka markviss skref til að framtíðarsýn Græna plansins geti orðið að veruleika. Þannig endurspeglar ársskýrslan öfluga fjárfestingu í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun, grænum störfum, menntun og menningu sem ætlað er að auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa á.

Ítarlegt yfirlit yfir stöðu aðgerða Græna plansins í lok árs 2021 má sjá í viðauka við ársskýrsluna.





Græna planið

Heildarstefna Reykjavíkurborgar til 2030

ÁRSFJÓRÐUNGSSKÝRSLA – OKTÓBER TIL DESEMBER 2021

1 Inngangur

Borgarstjórn ákvað á fundi sínum 2. júní 2020 að unnin yrði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar.

Græna planið var samþykkt í borgarstjórn 15. desember 2020. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi áratug.

Græna planið er áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn og felur í sér sóknaráætlun gagnvart hinum gríðarlega samdrætti sem leiðir af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Græna planið beinir fjárfestingu í að vinna gegn loftslagsbreytingum og þróa borgina með kraftmiklum grænum vexti. Græna planið byggir á hugmyndafræði sjálfbærni, og leggur fram skýra framtíðarsýn um blómstrandi og kolefnishlutlaust borgarsamfélag þar sem allir geta fundið sér tilgang og hlutverk. Framtíðarsýn Græna plansins er að Reykjavík er borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Í aðgerðaáætlun Græna plansins 2021 er að finna stefnur, áætlanir og aðgerðir fyrir það ár. Lögð er fram ársfjórðungslega fyrir borgarráð stöðuskýrsla þar sem farið er yfir stöðu þessara forgangsverkefna árið 2021. Árlega er auk þess ársskýrsla lögð fyrir borgarráð þar sem helstu verkefni og árangur á liðnu ári eru tekin saman.

Nánari upplýsingar um Græna planið má sjá á heimasíðu þess, <https://graenaplanid.reykjavik.is/>.



2 Vaxandi borg

Þróun atvinnulífs til 2030

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknna og athafna.



Aðgerðir í fjármálum

Í febrúar 2021 samþykkti borgarstjórn að veita 460 m.kr. í vinnu- og virkniaðgerðir. Ávinningur af þessum aðgerðum er byrjaður að birtast en t.d. var fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð á síðasta ársfjórðungi ársins 1.129 notendur að meðaltali eða um 42% undir áætlun. Vænst er til þess að til lengri tíma leiði aðgerðirnar til minni útgjalda borgarinnar og sterkari viðspyrnu á vinnumarkaði.

Þriggja ára fjárfestingaráttak í stafrænni umbreytingu er gríðarlega mikilvægt verkefni sem þegar er komið til framkvæmdar. Starfsfólk starfseininga og þjónustubáttar borgarinnar er beðið að líta til þeirra tækifæra sem eru til staðar og velja verkefni í ljósi þess ávinnings sem hægt er að ná. Markmiðið er að ná fram skilvirkari þjónustu og stytta boðleiðir. Lögð er áhersla á sókn borgarinnar og nútímavæðingu í rekstri.

Þá er hafinn undirbúningur við miðlæg innkaup en á fyrri hluta ársins tók til starfa innkaupastjóri borgarinnar og er hans hlutverk að leita hagkvæmustu lausna í innkaupum og rekstri. Gert er ráð fyrir að ávinningur af verkefninu muni birtast strax á næsta ári.

Húsnæðis- og úthlutunaráætlun

Það var áframhaldandi kraftur í uppbyggingu í Reykjavík á fjórða ársfjórðungi. Árið 2021 komu 1.285 nýjar íbúðir inn á húsnæðismarkaðinn í Reykjavík, þar af 118 á fjórða ársfjórðungi. Alls voru 792 eða 62% íbúðanna á vegum húsnæðisfélaga án hagnaðar.

Byggingarfulltrúi samþykkti áform um uppbyggingu á 1.285 íbúðum árið 2021, þar af 204 á fjórða ársfjórðungi. Hafin var bygging á 1.065 íbúðum árið 2021, þar af 185 á fjórða ársfjórðungi. Reykjavíkurborg úthlutaði lóðum undir uppbyggingu á 469 íbúðir á árinu. Þá gerði borgin uppbyggingasamninga á 18 reitum þar sem byggja má um 2.000 íbúðir þar af voru tveir samningar samþykktir á fjórða ársfjórðung.

Í verkefninu Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur héldu samskipti áfram við þróunaraðila þar sem verkefnunum var fylgt eftir. Framkvæmdir voru í lok árs í gangi á þremur af níu svæðum í Gufunesi og Úlfarsárdal. Næsta úthlutun væntanleg í Bryggjuhverfi 2022.

Undir nafninu Grænt húsnæði framtíðarinnar kallaði Reykjavíkurborg í nóvember 2021 eftir umsóknum frá þverfaglegum teyllum um samstarf á fimm lóðum fyrir vistvæna húsnæðisþróun. Markmið verkefnisins er að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem kappkostað hefur verið að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Lóðirnar eru við Arnarbakka og Völvufell í Breiðholti, Frakkastíg í Miðborg og Veðurstofureit í Hlíðunum. Hlutskörpustu teymin verða valin í byrjun árs 2022.

Atvinna og vinnumarkaðsaðgerðir

Fyrstu drög nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur til ársins 2030 voru tilbúin í lok september og fóru í innra samráð hjá Reykjavíkurborg í byrjun desember. Eftir að tekið hafði verið tillit til athugasemda fór stefnan í ytra samráðsferli.

Áhersla í vinnumarkaðsaðgerðum hefur verið á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í sex mánaða ráðningar. Alls voru 44 einstaklingar ráðnir á tímabilinu október til desember og hafa nú samtals verið ráðnir 222 einstaklingar, þar af voru 145 með bótarétt (á atvinnuleysisbótum) og 77 á fjárhagsaðstoð.

Grænir þekkingarkjarnar

Fjórar lóðir voru seldar við Esjumela á árinu og hefur áhugi á svæðinu verið að aukast. Við Suður Mjódd var Garðheimum úthlutað lóð við Álfabakka 6 á grundvelli lóðarvilyrðis. Við Álfabakka 2a-2d er lóðarvilyrðishafi að þróa atvinnuklasa fyrir nokkur fyrirtæki. Unnið var að breytingu á deiliskipulagi fyrir Álfabakka 4 sem verður seld á næsta ári.

Í Gufunesi var fundað reglulega með lykilhaghöfum á svæðinu til að stilla saman strengi varðandi þróun svæðisins. Þrjár lóðir þar voru seldar á svæðinu og ein til viðbótar er í ferli í tengslum við Reinventing Cities verkefnið. Samningar stóðu yfir varðandi sölu á Gufunesvegi 21 til Reykjavík Studios undir kvikmyndaver.

Í Vatnsmýri var marksátak undir heitinu „Reykjavík Science City“ ýtt úr vör á Slush ráðstefnunni í Helsinki í byrjun desember.

Tillaga að nýju félagi miðborgarinnar var kynnt á fundi samstarfshóps um málefni miðborgarinnar 6. október 2021 og næsta skref er að rekstraraðilar boði til stofnfundar hins nýja félags. Lokaútgáfa af greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni (Kvosin+) staða og horfur lá fyrir í október.

Markaðsáttak í ferðamálum

Markaðsherferð Höfuðborgarstofu RE, sem fór af stað af fullum þunga á erlendum mörkuðum í júlí, var keyrð fram í miðjan desember 2021. Birtingar voru skipulagðar inn á sterkustu markaði Reykjavíkur. Lagt var upp með að hámarka nýtingu á markaðsfé og árangur af birtingum með því að fylgja í kjölfar birtinga Íslandsstofu og beina auglýsingum og markaðsaðgerðum að fólki sem þegar hafði sýnt Íslandi áhuga. Markmiðið var að vekja áhuga þeirra á Reykjavík sem áfangastað, koma sérstöðu borgarinnar á framfæri og fá gesti sem sækja landið heim til að verja lengri tíma í borginni en ella. Auk almennra birtinga var lögð mikil áhersla á almannatengsl og leitarvélabeitun og var árangur af aðgerðum góður samkvæmt öllum helstu mælikvörðum.

Almannatengslaferðin REunite in Reykjavík, sem unnin var í samstarfi við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America, fór í loftið í Bretlandi og völdum svæðum í Bandaríkjunum á fjórða ársfjórðungi ársins 2021. Um var að ræða samfélagsmiðlakeppni þar sem fólki sem hafði verið aðskilið vegna Covid var veitt tækifæri til að sameinast á ný í Reykjavík. Þátttaka var góð og birtust umfjallanir meðal annars í Forbes, Daily Motion og Travel+Leisure.

Höfuðborgarstofa vann auk þess með framleiðslufyrirtækjum sem komu til landsins til að taka upp þættina Travel Man á Channel 4 og The Flight Attendant á HBO.

Í kjölfarið á afléttingum á ferðatakmörkunum í júní 2021 tók erlendum ferðamönnum að fjölga og voru um 95% brottfara þeirra frá landinu á síðari hluta ársins. Sé horft til þjóðernis voru Bandaríkjamenn, Bretar og Þjóðverjar stærstu hóparnir sem sóttu landið heim árið 2021.

Ferðamálstofa og KPMG kynntu í ársbyrjun 2022 skýrslu sína Fjárhagsgreining - Staða og horfur í ferðapjónustu við árslok 2021. Meðal helstu niðurstaðna var að stærsti vandi ferðapjónustunnar nú sé mikil söfnun skammtímaskulda, og gangi spár um fjölda ferðamanna og þróun reksturs og efnahags greinarinnar eftir muni fjármunamyndun hennar illa ráða við skuldasöfnun sem átt hefur sér stað. Þann 4. febrúar 2022 undirrituðu ferðamálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, og framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Pétur Þ. Óskarsson, samning um framhald af markaðsverkefninu "Ísland saman í sókn." Af því tilefni sagði ráðherra að í ljósi þess að faraldurinn hefði dregist á langinn væri nauðsynlegt að halda verkefninu áfram og byggja þannig undir nauðsynlega viðspyrnu ferðapjónustunnar á árinu 2022.¹

¹ <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/is/pdf/2022/02/Fjarhagsgreining-Vidspyrnan-askoranir-i-islenskri-ferdathjonustu-030222.pdf> og <https://home.kpmg/is/is/home/insights/2022/02/stada-islenskrar-ferdathjonustu-askoranir-og-vidspyrna-2022.html>

3 Græn borg

Áratugur aðgerða framundan í umhverfis- og loftslagsmálum

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.



Stefnumótun

Aðalskipulag til ársins 2040

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 19.október 2021 Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, sem er uppfærð og endurbætt útgáfa Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Megintilgangur breytinganna er að tvínni betur saman áætlanir aðalskipulagsins um þróun byggðar við uppbyggingu Borgarlínu og aðgerðir Loftslagsstefnu.

Breytingar fela í sér endurskoðun á völdum þáttum aðalskipulagsins, lengingu skipulagstímabils til ársins 2040 og almenna tæknilega uppfærslu skipulagsgagna. Breytingartillögur miða allar að því að tryggja betur framfylgd þeirrar sýnar og megin markmiða um sjálfbæra borgarþróun sem samþykkt voru með AR2010-2030 árið 2014.

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Loftslagsmál

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

Árlegur Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar fór fram föstudaginn 19.nóvember og var streymt beint frá Hörpu. Fundurinn í ár var undirbúinn í samstarfi við Loftslagsráð undir heitinu „Framtíðarsýn og næstu skref“ Landsvirkjun hlaut Loftslagsviðurkenningu Festu og Reykjavíkurborgar þetta árið. Sérstaka hvatningaviðurkenningu fékk verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður sem er samstarfsverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar Landbúnaðarins, Landgræðslunnar, Skógræktarinnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Reykjavík sækir um að verða ein af 100 loftslagsborgum Evrópu

Í lok árs gaf borgarráð Reykjavíkurborg heimild til að sækja formlega um að vera ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030.

Hringrásarhagkerfið

Samnorrænt verkefni um loftslagsmál og hringrásarhagkerfi

Í lok árs lauk verkefninu Nordic Transition Partnership for Climate Neutral Cities sem Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í. Í verkefninu var m.a. áhersla á tengsl loftslagsmála og hringrásarhagkerfisins. Kynnt voru nokkur áhugaverð dæmi frá Danmörku um hringrásarverkefni, meðal annars í byggingariðnaði. Hugmyndafræðin um hringrásarhagkerfið snýst um að verðmætum auðlinda sé viðhaldið í hringrás eins lengi og mögulegt er.

Lífrænum eldhúsúrgangi safnað

Í nóvember var brún tunna undir sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi boðin íbúum Breiðholts og þar með varð tunnan í boði í öllum hverfum Reykjavíkurborgar austan Elliðaána. Stefnt er á að þjónustan verði í boði í öðrum hverfum borgarinnar um mitt ár 2022.

Græn skref Reykjavíkurborgar tíu ára

Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar fagnaði 10 ára afmæli í október. Mikill gangur er í verkefninu og fjöldi vinnustaða er að ljúka fjórða og síðasta skrefinu þessa dagana. Haldið var upp á afmælið í Ráðhúsi Reykjavíkur og fékk góður hópur viðurkenningu fyrir fjórða skrefið.

Vistvæn mannvirkjagerð

Nýr leikskóli við Kleppsveg

Framkvæmdir við nýjan leikskóla við Kleppsveg 150-152 hófust í október. Ásýnd svæðisins mun gjörbreytast en þarna verður opnaður sex deilda leikskóli sem uppfyllir allar nútímakröfur og verður prýði að á þessum góða stað í hverfinu.

Ný stefna um skólahúsnæði í borginni og stóraukin framlög til viðhalds

Í nóvember samþykkti borgarráð að stórka fjárfrahlög til viðhalds og viðgerða á skólahúsnæði í borginni og verður 25-30 milljörðum varið til málaflokksins á næstu 5-7 árum.

Ný sundlaug fyrir almenning í Úlfarsárdal

Fyrsta laugin í 23 ár í Reykjavík opnaði í desember, Dalslaug. Sundlaugin er hluti af nýrri hverfamiðstöð í Úlfarsárdal. Í miðstöðinni er einnig nýtt bókasafn. Húsnæðið verður miðstöð mennta, menningar og íþróttar og mun gegna mikilvægu félagslegu hlutverki fyrir alla íbúa á öllum aldri. Um er að ræða eina stærstu byggingaframkvæmd sem Reykjavíkurborg hefur ráðist í. Heildarmannvirkið er um 18.000 m² og hljóðar fjárfestingin upp á u.þ.b 14 milljarða króna.

Borgin stígur stórt skref í framþróun eignaumsjónar

Reykjavíkurborg gekk frá samningi um nýtt eignaumsjónarkerfi fyrir viðhald fasteigna í eigu og/eða rekstri borgarinnar ásamt stofnanalóðum og almenningssvæðum í

borgarlandinu. Kerfið er beintengt öðrum upplýsingakerfum borgarinnar og fjárhagsbókhaldi og í því er haldið utan um allt viðhald mannvirkja. Með nýju kerfi verður betri yfirsýn og aukin skilvirkni í rekstri og viðhaldi á einu stærsta eignasafni landsins. Verkefnið er liður í stafrænni vegferð Reykjavíkurborgar.

Gönguvæn borg

HverfisSKIPULAG Breiðholt

HverfisSKIPULAG fyrir öll hverfi Breiðholts var samþykkt í borgarráði í desember eftir formlegt og lögbundið kynningar- og samþykktarferli.

HverfisSKIPULAG Háaleiti - Bústaðir

Nýtt hverfisSKIPULAG fyrir Háaleiti-Bústaði, borgarhluta 5, er á lokametrinum. Tillögurnar byggja á hugmyndum og ábendingum sem komu frá íbúum í samráði og eiga að gera hverfin í borgarhlutanum betri, vistvænni og meira heilsueflandi. Haldnir voru upplýsingafundir og boðið upp á gönguferðir um hverfin þar sem sérfræðingar og ráðgjafar hverfisSKIPULAGSINS fara yfir tillögurnar. Tillögurnar eru nú í kynningu áður en skipulagið verður klárað.

HverfisSKIPULAG Háteigshverfi, Hlíðar og Öskjuhlíðarhverfi

Tillögur að hverfisSKIPULAGI fyrir Háteigshverfi, Hlíðar og Öskjuhlíðarhverfi voru gerðar aðgengilegar á kynningarvef fyrir helstu skipulagsverkefni í Reykjavík í nóvember. Auk þess voru vinnutillögur til sýnis á Kjarvalsstöðum og hverfisgöngur í boði.

Gjaldskylda fyrir bílastæði í samræmi við nýtingu

Í desember samþykkti skipulags- og samgönguráð breytingu á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar út frá notkun þeirra. Í Reykjavík er unnið eftir samþykktu verklagi við innleiðingu á nýjum gjaldsvæðum og ákvörðun á gjaldskrá. Markmiðið er stýra nýtingu bílastæða í borgarlandi til að auka líkur á að vegfarendur geti fengið bílastæði sem næst áfangastað og draga úr hringsóli ökumanna í leit að bílastæðum.

Mikill meirihluti jákvæður í garð göngugatna

Í lok sumars var gerð könnun um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna. Mikill meirihluti er jákvæður í garð göngugatna í miðborginni og hefur ánægja með göngugötur aukist á milli ára. Jákvæðir eru fleiri en neikvæðir í öllum hverfum borgarinnar. Hátt í þriðjungur telur að göngugötusvæðið sé of lítið.

Káratorg verður barnvænt hverfistorg

Káratorg fær nýja ásýnd sem notendavænt, fallett og gróðursælt hverfistorg fyrir alla aldurshópa með sérstakri áherslu á yngstu börnin. Hagaðilar, þeir sem búa eða vinna við torgið eða fara þar um eða dvelja, fengu tækifæri til að koma með athugasemdir eða hugmyndir á forhönnunarstigi. Verkhönnun er að ljúka og eru framkvæmdir áætlaðar sumarið 2022.

Nýtt torg við Tryggvagötu

Reykvíkingar hafa eignast nýtt almenningssvæði og samastað en með endurgerð Tryggvagötu hefur orðið til nýtt torg við Tollhúsið þar sem mósaíklustaverk Gerðar Helgadóttur fær að njóta sín. Tryggvagata á milli Pósthússtrætis og Grófarinnar hefur tekið stakkaskiptum með hönnun sem leggur áherslu á fólk og blómstrandi mannlíf.

Yfir 100 nýir hjólastólarampar komnir í Miðborgina

Alls var 101 nýjum hjólastólarampi komið upp í Miðborginni á vegum Aðgengissjóðs sem hefur haldið utan um verkefnið Römpum upp Reykjavík. Verkefnið var fjórum mánuðum á undan áætlun og 15 milljónum undir kostnaðaráætlun.

Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða

Perlufestin í Öskjuhlíð verður lýðheilsustígur

Perlufestin mun auka útivistarmöguleika allra og binda margskonar perlur saman á einum hring. Öskjuhlíðin nýtist þá enn betur fleiri hópum sem vilja njóta útivistar á þessu svæði. Stígurinn var kynntur í umhverfis- og heilbrigðisráði sem upplifunar-, fræðslu og heilsubótarstígur. Framkvæmdir við fyrsta áfanga stígsins eru hafnar.

Vatnaliljur í Hljómskálagarðinum

Starfsfólk garðyrkju Reykjavíkurborgar settu niður vatnaliljur í Þorfinnstjörn í lok sumars. Þetta eru ekki einu vatnaliljurnar í tjörnum borgarinnar en vatnaliljur hafa þrífist í Seljatjörn í Breiðholti síðustu tíu ár eða svo.

Haust- og jólaskeytingar glöddu borgarbúa

Það voru ekki eingöngu sumarblómin sem glöddu gesti og gangandi í Reykjavík þetta árið heldur voru haustskreytingarnar sérstaklega fallegar. Þær einkenndust af ýmsum blæbrigðum af vínrauðum og grænu. Gróðurhúsið á Lækjargötu tók einnig breytingum eftir því sem haustaði, skartaði hrekkjavökuskeytingum með appelsínugulum graskerum og hrollvekjandi skreytingum og síðan jólaskeytingum þegar dró nær jólum. Að venju var kveikt á jólakettinum í Lækjargötu, Oslóartrénu og sett upp jólasbraut um alla borg í desembermánuði. Garðskálinn í Grasagarði Reykjavíkur var ljósum prýddur og jólaljós sett upp um allan Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Vistvænar samgöngur

Fyrsti áfangi hámarkshraðaáætlunar komin til framkvæmda

Ný hámarkshraðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt í vor og kom fyrsti áfangi áætlunarinnar til framkvæmda í lok árs. Haldið verður áfram við innleiðingu áætlunarinnar árið 2022. Markmið hámarkshraðaáætlunarinnar er að stuðla að bættu umferðaröryggi í Reykjavík til að koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki í umferðinni. Lækkun á hraða hefur einnig áhrif á umhverfið. Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að það sé líklegt að lækkun hámarkshraða hafi jákvæð áhrif á loftmengun en

neikvæð. Þess má einnig geta að lægri hraði gerir það meira aðlaðandi að velja aðra fararmáta sem minnka neikvæð umhverfisáhrif vegna umferðar vélknúinna ökutækja.

Alda - ný brú yfir Fossvog

Efla vann hönnunarsamkeppni um nýja brú yfir Fossvog. Vinningstillagan ber heitið Alda og fékk góða einkunn í öllum flokkum. Bygging brúar yfir Fossvog er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, sveitarfélaganna Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf. Brú yfir Fossvog er hluti af 1. áfanga Borgarlínunnar samkvæmt Samgöngusáttmálanum.

4 Borg fyrir fólk

Þróun borgarsamfélagsins til 2030

ENGIN SKILIN EFTIR

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.



Unnið er að ýmsum samfélagslegum þáttum til að græna umbreytingin komi öllum borgarbúum til góða og tryggji að engin verði skilin eftir.

Mætum grunnþörfum íbúa um lífsskilyrði og öryggi

Stefnumótun

Almennar aðgerðir vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur *“Látum draumana rætast”* var samþykkt af skóla- og frístundaráði og síðan borgarráði í nóvember. Aðgerðirnar voru unnar af framtíðarhópi sem samanstóðu af helstu haghöfum í skóla- og frístundamálum borgarinnar og fékk það hlutverk að rýna innleiðingu fyrstu þriggja áranna og leggja drög að næstu þremur árum.

Velferðarstefna Reykjavíkur til ársins 2030, ásamt aðgerðaáætlun sem gildir til ársins 2025, var samþykkt í borgarstjórn 15. júní. Á fjórða ársfjórðungi var unnið á grundvelli aðgerðaáætlunar og er hæst vinna við umfangsmiklar stjórnkerfisbreytingar við sameiningu þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi og Kjalarnesi annars vegar og Árbæ og Grafarholti hins vegar. Auk þess sem unnið var að stofnun rafrænnar þjónustumiðstöðvar.

Áætlanir um uppbyggingu og viðhald húsnæðis

Haldið var áfram að vinna á grundvelli áætlun um uppbyggingu og viðhald húsnæðis. Unnið var að endurgerð og átaki við framkvæmdir leikskóla- og grunnskólalóða. Forsagnarvinna fyrir Skerjafjarðar- og Vogabyggð var í vinnslu og áfram unnið að samráðsferli og tillögugerð vegna Laugarnesskóla og Langholtsskóla, Laugalækjarskóla, Vörðuskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Austurbæjarskóla. Teikningar á endurhönnun á Fossvogsskóla voru unnar. Uppbygging leikskóla á grunni framkvæmdaáætlunar Brúum bilið hélt áfram. Þá var á árinu unnið að mótun Stefnu

Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf² en hún var lögð fyrir borgarráð í drögum í nóvember og fór að því loknu í umsagnarferli. Vinnu við stefnuna lauk í árslok.

Fjölgun og uppbygging var í félagslegu húsnæði á árinu 2021. Þrír íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk tóku til starfa. Auk þess fjölgun var í húsnæði með stuðningi. Fyrir heimilisláusa voru sjö smáhús tekin í notkun. Á árinu 2021 var alls fjölgað um 118 íbúðir almennar félagslegar íbúðir, þar af voru keyptar af Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar alls 31 íbúðir.

Fólk í fyrirrúmi

Betri borg fyrir börn

Verkefnið BBB er hluti af tillögum stýrihóps um breytt fyrirkomulag á þjónustu borgarinnar um að bæta þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra sem og starfsfólk starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs. Meginmarkmiðið er að auka skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum en verkefnið hvílir meðal annars á nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, áherslum Menntastefnu Reykjavíkur og Velferðarstefnu Reykjavíkur. Klárað var að undirbúa verkefnið á þessum ársfjórðungi.

Nýtt reiknilíkan í grunnskólastarfi

Grunnskólalíkanið Edda var samþykkt í borgarráði 28. september 2021. Líkanið tekur mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“. Nýlunda er í líkaninu sem hefur það að markmiði að stuðla að auknu jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið er tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna með því að byggja á LOI (e. learning opportunity index).

Velferðartækni

Áframhaldandi þróun er á sviði velferðartækni. Staðan nú er að öll stærri tæknileg úrlausnarefni skjáheimsóknna hafa verið leyst og nýskráðum notendum fjölgar jafnt og þétt. Undirbúningur hófst á lengri opnunartíma skjávers (kvöld og helgar).

Þann 16. september var undirritaður samningur við Icepharma ehf. um leigu á 25 lyfjaskömmtum til prófana. Til að tryggja að viðeigandi tækni verði innleidd að loknum prófunum er hafinn undirbúningur á prófunum á annarri tegund lyfjaskammtara.

Notendasamráð og notendakannanir

Á þessum ársfjórðungi var lokið við framkvæmd einnar af umfangsmestu könnunum sem gerð hefur verið meðal fatlaðs fólks á Íslandi. Könnunin fór fram meðal íbúa á íbúðakjörnum og sambýlum í Reykjavíkurborg.³

Lokið var við frumútgáfu nýs innritunarkerfis fyrir grunnskóla og frístundaheimila og fóru notendaprófanir fram á þessu tímabili. Unnið var úr niðurstöðum foreldrakönnunar þar sem 1400 foreldrar greindu frá upplifun sinni af sumarfrístund barna sinna.

² https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/226_6.1_stefna_bygg_skola-og_fristundastarf_x11.pdf

³ Allar niðurstöður má nálgast hér: <https://reykjavik.is/konnun-medal-fatlads-folks-i-ibudakjornum-og-sambylum>

Vinnu- og virkniúrræði

Virknihús er komin með húsnæði og voru þar með flest virkniúrræði velferðarsviðs komin undir eitt þak. Þann 1. maí 2022 mun virknimiðlun bætast við undir starfsemi Virknihús. Þannig verður augin samlegð milli úrræða, námskeiða og aðgengi að endurhæfingu sem heyra undir Virknihús.

Námskeiðið „út á vinnumarkaðinn“ á vegum atvinnu – og virknimiðlunar var haldið tvívegis á tímabilinu okt- des 2021. Samanlagt voru þátttakendur 17 og af þeim fengu sjö starf að námskeiði loknu.

Stafræn þróun og umbreyting

Gríðarlega mikil vinna og þróun í stafrænni umbreytingu átti sér stað á velferðarsvið og skóla- og frístundasviði í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið á árinu 2021. Á síðasta ársfjórðungi var vinna við rafvæðingu allra umsókna velferðarsviðs í fullum gangi, umbreytingarverkefni var í gangi fyrir ráðgjöf og stoð- og stuðningsþjónustu í málaflokki fatlaðs fólks sem leiddi af sér nýja tölvukerfið; Ráðgjafinn. Þá hófst útboð/innkaup á heimaþjónustu-, stuðningsþjónustu og búsetukerfi. Unnið var að uppsetningu S5 kerfis fyrir almennt félagslegt leiguhúsnæði sem er sama kerfi og Félagsbústaðir nota. Meðal verkefna á SFS var umbreytingarverkefnið Stafræn Gróska var í fullum gangi en lokið var við að afhenda um 4645 ný námstæki fyrir grunnskólanemendur og unnið að hönnun nýs innritunarkerfis fyrir grunnskóla og frístundaheimili. Útbúinn var vefur með upplýsingum, Brúum bilið, um byggingar nýrra leikskóla, viðbyggingar og stækkanir eldri leikskóla til að skapa yfirsýn yfir fjölgun nýrra leikskólaplássna í borginni.⁴

Menntun fyrir alla

Hafinn var undirbúningur um stofnun tveggja íslenskuvera fyrir fjöltyngd börn annarsvegar í Breiðholti og hinsvegar í borgahluta austur.

Bætt lýðheilsa

Lýðheilsustefna ásamt aðgerðaáætlun var samþykkt í borgarráði í október 2021. Faghópur um lýðheilsu var stofnaður ásamt stýrihópi. Hópurinn sinnir hlutverki stýrihóps heilsueflandi samfélags, styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaráætlanar hennar. Hópurinn er jafnframt ráðgefandi fyrir svið borgarinnar í málefnum á sviði lýðheilsu.

Hafin var vinna að aðgerðum lýðheilsustefnu m.a. fræðsluátaki fyrir borgarbúa um lýðheilsu og -heilsuleysi. Hluti af lýðheilsustefnunni er einnig innleiðing matarstefnu 2018-2022. sem hluti af innleiðingu matarstefnu var samþykkt í nóvember 2021 að unnið yrði að útboði varðandi sameiginlegt eldhúsumsjónarkerfi fyrir bæði velferðar- og skóla- og frístundasvið. Kerfinu er ætlað að reikna kolefnisspor máltíða, næringarsamsetningu, innkaup, kællileiðir og fleira.

⁴ Sjá meira hér: <https://reykjavik.is/bruum-bilid>

Unnið var að lýðheilsumati á áhrifum COVID-19 faraldursins og samfélagslegra takmarkana vegna hans á lýðheilsu eftir hópum innan samfélagsins. Skýrsla var lögð fyrir borgarráð 6. desember 2021.

Menning í Reykjavík

Ný menningarstefna borgarinnar var samþykkt í borgarráði 16. nóvember. Stefnan er nefnd List og menning í Reykjavík 2030 og er hún byggð á þremur megináherslum; 1. Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, 2. Reykjavík - borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og 3. Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar. Aðgerðaráætlun var gerð samhliða stefnunni og verður hún lögð fram í ársbyrjun 2022 til samþykktar.

Verðlaunaskáldum í Reykjavík bókmenntaborg fjölgaði þegar Jón Hjartarson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar um miðjan október en í ár bárust 49 handrit í samkeppnina.

Tónlistarborgin Reykjavík í samstarfi við ÚTÓN og STEF, stóð fyrir tónlistarviku dagana 2. – 5. nóvember. Til stóð að Iceland Airwaves hátíðin yrði haldin á þessum tíma en sökum heimsfaraldurs var hátíðinni aflýst. Tónlistarborgin, ÚTÓN og STEF höfðu skipulagt dagskrá fyrir erlent tónlistarfagfólk sem til stóð að kæmu til landsins í tengslum við Iceland Airwaves. Í stuttu máli ákváðu gestir, um 85 manns, að halda sínu striki og koma og taka þátt í dagskránni sem meðal annars bauð uppá málþing um tónlist í kvikmyndum, masterclass vinnustofu, tónleika, fundi fyrir fulltrúa tónleikastaða og tónlistarhátíða, heimsóknir í hljóðver á höfuðborgarsvæðinu og margt fleira.

Safnastarfsemi og safnahús

Ljósmyndasafn Reykjavíkur fagnaði 40 ára starfsafmæli sínu í árslok með útgáfu veglegrar ljósmyndabókar í nóvember og sýningaropnun á Austurvelli. Afmælisritið heitir *Nætur sem dagar* og er 216 blaðsíðna rit með 222 myndum úr safnkostinum, eftir um 70 myndhöfunda. Bókin veitir sýn á þann mikla sjónræna fjársjóð sem finna má á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en safnið telur alls á sjöundu milljón mynda af ýmsum toga. Af sama tilefni var opnuð ljósmyndasýning við Austurvöll, þar sem úrval mynda úr bókinni er til sýnis.

Borgarbókasafnið opnaði sjöunda útibú sitt í borginni í Úlfarsárdal 10. desember sem kallað er bókasafnið á sundlaugarbakkanum þar sem bókasafnið og sundlaug hverfisins deila húsnæði með Dalsskóla. Mikil ánægja er með samstarfið hjá starfsfólki og gestum.

Íþróttir í Reykjavík

Vinna við uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja gengur samkvæmt áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu samkvæmt áætluninni og samþykktum tillögum í borgarráði 19. nóvember 2020. Áfram er unnið að endurnýjun tækja og tæknibúnaðar í kjöllurum sundlauganna samkvæmt úttekt sem farið hefur fram. Innleiðing klórgerðar heldur áfram en sú vinna er mikilvægur þáttur í rekstri þegar horft er til umhverfissjónarmiða og lækkunar rekstarkostnaðar. Dalslaug í Úlfarsárdal opnaði í lok árs 2021 og var til að byrja með eingöngu notuð fyrir skólasund en full starfsemi er í lauginni í dag. Í íþróttamannvirkinu er einnig að finna bókasafn.

5 Stoðaðgerðir

Sviðsmynda- og áhættugreiningar

Sviðsmyndir um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 voru tilbúnar í nóvember 2021 eftir yfirferð með vinnuhópi um Græna planið og fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Skýrsla um sviðsmyndirnar var útbúin sem hluti af gögnum í tengslum við nýja atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur sem kynna á fyrir fjármálahópi Reykjavíkurborgar í byrjun árs 2022.

Stafræna umbreytingin

Stafræna umbreytingin felur í sér að ná fram efnahagslegri og umhverfisvænni hagræðingu í starfsemi borgarinnar á þann hátt að upplýsingatækni sé nýtt á skynsaman og upplýsandi hátt. Upplýsingatæknin verði drifkraftur í allri nýsköpun og endurmótun borgarinnar. Áfram er unnið að því að styrkja grunninnviði hjá borginni með það að leiðarljósi að til verði skilvirkur farvegur fyrir stafræna umbreytingu borgarinnar. Teymi af stafrænum leiðtogum er byrjað að vinna í því að greina stafrænar áherslur og forgangsröðun innan sviða og utan. Mannauðurinn hefur vaxið hratt og mikil þekkingaruppbygging á sér stað ásamt uppsetningu á ferlum og skipulagi á auðlindum. Innleiðing á grunni að framkvæmd fyrir innkaup á grænni upplýsingatæknirekstri er yfirstandandi.

Stafrænir leiðtogar sviða tóku til starfa á árinu og hafa verið ómissandi þáttur í að aðstoða og halda utan um stefnu og sýn á hverju sviði sem snýr að stafrænu umbreytingunni.

Uppfærð útgáfa af vefsvæði borgarinnar var sett í loftið í beta útgáfu og unnið úr ábendingum á því. Ensk þýðing vefsvæðisins var sett upp með aðstoð vélþýðinga. Nýtt útlit fyrir mínar síður hefur verið sett upp og fyrsta stafræna ferlið þar leit dagsins ljós sem snéri að stuðningsþjónustu. Sérstakt teymi var stofnað til að byrja að endurhanna ferli grunnskólainnritunar frá grunni. Prufukeyrsla á innleiðingu á Office 365 var framkvæmd og undirbúningur hafinn fyrir víðtækari innleiðingu. Byrjað var á viðamikilli búnaðardreifingu í skólaumhverfið til stuðnings í verkefninu „Stafræn gróska“ og innleiðing á nýju skjalavistunarkerfi borgarinnar hélt áfram. Uppsetning og innleiðing á vöruhúsi gagna fyrir borgina byrjaði en það mun gjörbreyta allri gangavinnslu hjá borginni á næstu árum. Við lok árs var innleiðing á rafrænum undirritunum langt komin. Þá voru innkaupaferla við nýja samskiptalausn, starfsumsóknakerfi og fræðslukerfi lokið á árinu og byrjað á undirbúning fyrir innleiðingu árið 2022.

Þjónustustefnan er einn helsti drifkraftur stafrænna umbreytinga. En stefnan var endurskoðuð og tekið stöðumat á henni. Í þeirri vinnu kom í ljós að síðan stefnan var samþykkt hafa orðið ákveðin þáttaskil í þjónustu borgarinnar varðandi stafrænar lausnir. Skerpt var á ýmsum þáttum stefnunnar en ekki talið sérstak tilefni til að umbreyta henni enda um langtímaverkefni að ræða sem snýst að miklu leyti um

breytingu á hugarfari sem krefst samstöðu og skuldbindingar hjá öllu starfsfólki borgarinnar.

6 Samvinna við fyrirtæki borgarinnar

Í ársbyrjun 2021 voru samþykkt erindisbréf fyrir fjóra starfshópa til að efla samvinnu Reykjavíkurborgar við B-hlutafyrirtækin. Í starfshópunum sitja fulltrúar borgarinnar og B-hlutafélaganna jafnframt þess sem samráð er við aðra hagsmuna aðila.

Starfshóparnir eru:

- a. Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.
- b. Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.
- c. Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.
- d. Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkfé til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.

Starfshóparnir skiluðu niðurstöðum í byrjun júní og þann 14. júní voru tillögur þeirra kynntar í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Tillögurnar ávarpa m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og verður áfram til skoðunar hvernig má treysta það betur í sessi. Tillögurnar voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og var komið í viðeigandi farveg farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar. Áfram er gert fyrir reglubundnu samráði. Með erindisbréfi var skipaður sérstakur starfshópur um hringrásarhagkerfið á höfuðborgarsvæðinu með fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Sorpu bs., Orkuveitu Reykjavíkur ofh. og Veitna ohf. auk þess sem leitað verður samstarfs við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

7 Innleiðing sjálfbærnistaðla

Til að mæla árangur Græna plansins horfir Reykjavíkurborg til innleiðingar þriggja staðla sem mæla sjálfbærni. Reykjavíkurborg skrifaði í september 2020 undir samning um að innleiða staðlafjölskylduna ISO 37120, um sjálfbærar borgir og samfélög frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD). Staðlarnir mæla umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni innan borgarinnar og styðja við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga

á hverju áherslusviði fyrir sig. Vottun verður svo veitt árlega eftir því hve mörgum mælikvörðum verður skilað inn hverju sinni.

Tveimur af þremur stöðlunum hafa nú verið skilað til samtakanna WCCD en þau aðstoða borgina í þessu verkefni. Fyrsti staðallinn snýr að því að mæla þjónustuveitingu borgarinnar og lífsgæði íbúa hennar. Annar staðallinn snýr að því að mæla framþróun í snjallvæðingu borgarinnar, þ.e. að mæla árangur hennar og þroskaferli í stafrænni vegferð og tækni- og nútímavæðingu. Þriðji staðallinn snýr að því að mæla seiglu borgarinnar, þ.e. hversu vel hún er í stakk búin til þess að takast á við allskyns áföll af völdum náttúrhamfara, loftslagsbreytinga, netárása og fleira.

Nú vinnur borgin að innleiðingu seiglustaðalsins og hefur sína fyrstu árlegu uppfærslu þjónustaðalsins – en allir staðlarnir verða uppfærðir árlega eftir innleiðingu á meðan á þriggja ára samningstímabili standur. Einnig á sér stað samtal við ábyrgðaraðila sviðanna í þessari vinnu en þau munu taka samtalið áfram við sitt svið um notkun mælikvarðanna til þess að fylgjast með árangri stefna og verkefna sviðsins. Að auki er unnið að beinu samstarfi WCCD og Hagstofunnar til þess að sjálfvirknivæða árlega gagnasöfnun.

Nú þegar hefur borgin hlotið hæstu gæðavottun fyrir þjónustustaðalinn sem og svokallaða fyrstu-borgarvottun fyrir snjallborgarstaðalinn þar sem hún var í hópi fyrstu borga heims við innleiðingu hans. Svo gæti orðið að borgin verði einnig allra fyrsta borg heims til þess að innleiða seiglustaðalinn en innleiðingu hans lýkur vorið 2022.

8 Samantekt

Yfirliti yfir innleiðingu Græna plansins á fjórða ársfjórðungi ársins 2021 er ætlað að veita greinargóða yfirsýn yfir stöðu innleiðingarinnar og framkvæmd einstakra aðgerða og áætlana. Mikil vinna hefur verið lögð í að bregðast við þeim efnahagslegu áföllum sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft í för með sér og í að taka markviss skref til að framtíðarsýn Græna plansins geti orðið að veruleika. Þannig endurspeglar ársfjórðungsskýrslan öfluga fjárfestingu í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun, grænum störfum, menntun og menningu sem ætlað er að auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa á.

Ítarlegt yfirlit yfir stöðu aðgerða Græna plansins í lok árs 2021 má sjá í viðauka við ársfjórðungsskýrsluna. Auk þess má finna yfirlit yfir árið sem heild í ársskýrslu Græna plansins 2021.



Viðauki: Græna planið - Stefnum, áætlanir og aðgerðir 2021 - Stöðulýsing í lok árs 2021

Stefnur í vinnslu 2021	Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 31. desember 2021
Aðalskipulag Reykjavíkur - Uppfærsla til 2040	Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040. Sett verður fram almenn sýn um þróun borgarinnar til lengri tíma, gerð grein fyrir megin forsendum breytinga og þeim lýst.	Lokið	Uppfært aðalskipulag Reykjavíkurborgar til 2020 var samþykkt í borgarstjórn 19.10.2021 og tók gildi 18.1.2022
Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur	Mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu með áherslu á fjölbreytileika, sjálfbærni, samkeppnishæfni og nýsköpun.	Í vinnslu 3	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkur var á lokasprettinum í lok árs 2021. Hún fór í umsagnarferli í upphafi árs 2022 og var samþykkt í borgarstjórn 5.4.2022
Loftslagsáætlun Reykjavíkur	Endurskoðun loftslagsáætlunar sem miðar að kolefnishlutleysi Reykjavíkur 2040 og aðlögun að loftslagsbreytingum.	Lokið	Endurskoðun er lokið og aðgerðaáætlun 2021-2025 samþykkt.
Velferðarstefna Reykjavíkur	Mótun heildstæðrar velferðarstefnu sem ætlað er að ná fram heildarmynd af þeim mismunandi málaflokkum sem heyrna undir velferðarráð og velferðarsvið, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfsemina þannig að stefna sviðsins, gildi og leiðarljós í þjónustuveitingu verði ávallt í forgrunni og í samræmi við stefnumótun ráðsins.	Lokið	Velferðarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.
Lýðheilsustefna Reykjavíkur	Mótun lýðheilsustefnu ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum. Markmið stefnunnar er að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarþæfi hafi tækifæri á að njóta lífsins í sátt og samlyndi.	Lokið	Lýðheilsustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 5.10.2021.
Lýðræðisstefna Reykjavíkur	Mótun nýrrar stefnu í lýðræðismálum með það að markmiði að efla samráð við borgarþæfi og formgera enn frekar möguleika þeirra til áhrifa á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Stefnan verði leiðarljós um það með hvaða hætti íbúar koma að ákvarðanatöku í verkefnum Reykjavíkurborgar.	Lokið	Lýðræðisstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 19.10.2021
Aðgengisstefna Reykjavíkur	Heildstæð stefna ásamt aðgerðaáætlun um aðgengismál í viðum skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.	Í vinnslu 3	Samráðsferli um stefnuna er lokið og átti vinna við gerð aðgerðaáætlunar sér stað í lok árs. Stefnan var samþykkt í borgarstjórn 25.4.2022.
Menningarstefna Reykjavíkur	Endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlunar. Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum.	Lokið	Menningarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt 16.11.2021 af borgarráði.
Fjármálastefna Reykjavíkur	Fjármálastefnan er samþykkt samhliða Græna planinu og styður við það. Stefnan byggir m.a. á grunnigildum sjálfbærni, varfærni og stöðugleika í fjármálum. Hún tekur gildi árið 2021 og verður markmiðum hennar fylgt eftir með reglubundnum hætti.	Lokið	Fjármálastefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.12.2020.
Áhættustefna Reykjavíkur	Mótun áhættustefnu sem myndar heildstæða umgjörð áhættustjórnunar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar. Hún styður við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, styrkir grundvöll ákvarðanatöku og tryggir að settum lögum og reglum sé fylgt í starfseminni.	Lokið	Áhættustefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15.6.2021.

Aðgerðir 2021 - Efnahagsmál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 31. desember 2021
Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur - Reykjavík vex út úr vandanum	Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur með áherslu á framsókn og verndun velferðar, lífsgæða og starfa.	Lokið	Vinnu- og virkniaðgerðir eru komnar til framkvæmda og náðust markmið aðgerðanna á árinu 2021. Á síðasta ársfjórðungi fór fjöldi notenda á árinu lækkandi og nam að meðaltali 1.129 eða 42% undir áætlun. Aðrar aðgerðir eru hafnar s.s. fjárfestingaráttak í stafrænni umbreytingu og mólæg innkaup.
Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar	Fjárfestingaráttak borgarinnar þar sem grænar fjárfestingar og góð nýting fjármuna er í fyrsta sæti og fjármagnað með útgáfu grænna skuldaþréfa.	Lokið	Fjárfestingaráttak Reykjavíkurborgar er komið til framkvæmda. Fjárfestingar ársins 2021 námu 17,1 ma.kr. og aðeins einu sinni áður hefur verið fjárfest fyrir meira á einu ári. Á árinu 2022 er ráðgert að verja um 25 ma.kr. til grænna fjárfestinga.
Vinnmarkaðs aðgerðir - fjölgun starfa	Græni hluti fjárfestingaráætlunar Reykjavíkur gerir ráð fyrir að skapa 1.200 bein og afleidd störf árið 2021 á sama tíma og þau störf sem fyrir eru verða varin. Áhersla er á fjölbreytt störf og fækkun einstaklinga á atvinnuleysisráð og á fjárhagsaðstoð og að skapa sumarstörf fyrir námsmenn 2021.	Lokið	Áhersla í vinnmarkaðsaðgerðum hefur verið á ráðningu einstaklinga með og án bótaréttar, oftast í 6 mánaða ráðningar. Í lok desember var búið að ráða alls 222 einstaklinga. Á árunum 2020 og 2021 var ráðið í 934 viðbótarsumarstörf fyrir 18 ára og eldri, því hafa alls 1.156 einstaklingar verið ráðnir í gegnum vinnmarkaðsaðgerðir síðan sumarið 2020.
Markaðsáttak Reykjavíkur í ferðamálum	Markaðssetning Reykjavíkur innanlands og erlendis og styrking sjálfstæðrar ímyndar borgarinnar sem áfangastaður og að skapa skýra sérstöðu borgarinnar.	Í vinnslu 3	Innlend markaðssetning var áfram unnin undir merkjum Borgarinnar okkar sumarið 2021. Mikil samvinna var á milli Höfuðborgarstofu og Sumarborgarverkefnisins. Birtingar í tengslum við markaðsherferðina RE fóru af stað á erlendum mörkuðum í byrjun júlí með góðum árangri. Ferðabjónustan sýnir hægfara batamerki en áfram er mikilvægt að vinna öflugt markaðsstarf.
Húsnæðisáætlun Reykjavíkur	Húsnæðisáætlun skilgreinir helstu byggingarsvæði í Reykjavík, lóðaúthlutun, fjárframlög til húsnæðismála, samvinna við húsnæðisfélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða, kaupáform Félagsbústaða og uppbyggingu borgarinnar á félagslegum húsnæðisúrræðum.	Lokið	Árið 2021 komu 1.285 nýjar íbúðir inn á húsnæðismarkaðinn í Reykjavík, þar af 118 á fjórða ársfjórðungi. Byggingarfulltrúi samþykkti áform um uppbyggingu á 1.285 íbúðum árið 2021, þar af 204 á fjórða ársfjórðungi. Hafin var bygging á 1.065 íbúðum árið 2021, þar af 185 á fjórða ársfjórðungi. Reykjavíkurborg úthlutaði lóðum undir uppbyggingu á 469 íbúðir á árinu. Þá gerði borgin uppbyggingasamninga á 18 reitum þar sem byggja má um 2.000 íbúðir þar af voru tveir samningar samþykktir á fjórða ársfjórðung.
Úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða	Í úthlutunaráætlun íbúðarhúsalóða árið 2021 er áætlað að úthluta lóðum undir 590 íbúðir; þar af lóðir fyrir 213 íbúðir fyrir verkefni borgarinnar um hagkvæmt húsnæði - ungt fólki og fyrstu kaupendur, húsnæðisfélög lóðir fyrir 283 íbúðir og lóðir undir 94 íbúðir verða seldar í útbóði.	Í vinnslu 3	Reykjavíkurborg úthlutaði lóðum undir uppbyggingu á 409 íbúðum á árinu. Úthlutanir á lóðum í Gufunesi færðust yfir á 2022 þar sem ekki fengust nægilega góð tilboð 2021.
Græn íbúðauppbygging - innviðafjárfestingar	Innviðafjárfestingar vegna grænnar íbúðauppbyggingar um alla borg og á nýjum uppbyggingarsvæðum.	Í vinnslu 3	Innviðafjárfestingar eru yfirstandandi í Vogabyggð, á Hlíðarendra og í Gufunesi. Útbóð var á "Elliðarvogur/Ártúnshöfði, svæði 1 og 2 - Gagnagerð og laginir - Hönnun" í lok árs 2021. Útbóð fyrir Skerjafjörð fór fram í byrjun árs 2022. Áætlað er að framkvæmdir við innviðaupbyggingu í Skerjafjörð og Ártúnshöfða hefjist á árinu 2022.
Grænir þekkingarkjarnar og ný athafnasvæði	Uppbygging þekkingartengdra og skapandi greina og ný athafnasvæði, m.a. í Vatnsmýri, Gufunesi, Álfbakka, á Esjumelum og í miðborginni.	Í vinnslu 3	Fjórar lóðir voru seldar við Esjumela á árinu og hefur áhugi á svæðinu verið að aukast. Nokkur verkefni í gangi við Álfbakka þ.m.t. verslun Garðheima. Í Gufunesi var fundað reglulega með lykilhaghöfum á svæðinu til að stilla saman strengi varðandi þróun svæðisins. Í Vatnsmýri var marksaðak undir heitinu „Reykjavík Science City“ ýtt úr vör á Slush ráðstefnunni í Helsinki í byrjun desember. Tillaga að nýju félagi miðborgarinnar var kynnt á fundi samstarfshóps um málefni miðborgarinnar 6. október og næsta skref er að rekstraráðilar boði til stofnfundar hins nýja félags. Lokaútgáfa af greiningu á atvinnuhúsnæði í miðborginni (Kvosin+) staða og horfur lág fyrir í október.

Aðgerðir 2021 - Umhverfismál	Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 31. desember 2021
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2025	Markmið áætlunarinnar er að Reykjavík verði kolefnishlutlaus 2040. Sem hluti af vegferðinni í átt að kolefnishlutleysi var sett fram aðgerðaáætlun 2016-2020 sem verður endurnýjuð fyrir árin 2021-2025.	Lokið	Aðgerðaáætlun 2021-2025 var samþykkt á fyrsta ársfjórðungi.
Grænar samgöngur og Borgarlína	Fjárfestingar Reykjavíkur í grænum samgöngum, samgöngusáttmála og fyrstu áföngum Borgarlínu.	Í vinnslu 1	Hafin er deiliskipulagsvinna hjá Reykjavíkurborg vegna Borgarlínu. Deiliskipulagsgerð fyrir áfanga Borgarlínu við Suðurlandsbraut er í vinnslu og gerð hefur verið skipulagslýsing fyrir hana. Þá innihalda deiliskipulagsáætlanir fyrir Ártúnshöfða og Elliðavog, við Hlemm og Laugaveg, borgarlínuáætlanir.

Hjólreiðaaætlun 2021-2025	Markmið hjólreiðaaætlunar er að auka hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum fólks innan borgarinnar, að öryggi í hjólreiðum sé í fyrirrúmi og að hjólreiðar eiga að vera fyrir alls konar fólk og á alls konar hjólam. Síðast en ekki síst að það sé gaman að hjóla!	Lokið	Hjólreiðaaætlun var samþykkt í borgarstjórn 15.6.21 og skipaður stýrihópur til innleiðingar í byrjun júlí sl. Borgarráð samþykkti að bjóða út framkvæmdir við hjólreiðastíga fyrir 1,5 milljarð króna á árinu 2021.
Græn svæði	Fjárfestingar í grænum svæðum og grótri víðs vegar um borgarlandið.	Lokið	Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 2. september 2021 að ganga að tilboði lægstbjóðanda vegna verkisins "Græna netið - þétting gróðurs. 2. áfangi"
Forgangsáætlun matarstefnu	Áætlun um forgangsroðun aðgerða innan matarstefnu Reykjavíkurborgar. Markmið matarstefnu eru að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máttlaðþjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni.	Í vinnslu 3	Lokið var við um þröjung aðgerða matarstefnu árin 2018-2020. Forgangsáætlun er ætlað að forgangsraða eftirstandandi aðgerðum. Verkefnastjóri matarstefnu var ráðinn í september og hefur hann störf í byrjun október. Samhliða því verður matarstefnuteymi borgarinnar skipað og því ætlað að styðja við innleiðingu matarstefnunnar.
Græn skref í starfsemi borgarinnar	Árið 2021 verður áttak til fjölgunar vinnustöðum í Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar. Verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti.	Lokið	Vinnustöðum í Grænum skrefum heldur áfram að fjölga. Nú eru 265 vinnustaðir þátttakendur í Grænum skrefum, af 350 vinnustöðum Reykjavíkurborgar.

Aðgerðir 2021 - Samfélagsmál		Staða		Stöðulýsing - 31. desember 2021
Aðgerðaaætlun með velferðarstefnu	Á grunni velferðarstefnunnar verður lögð fram aðgerðaaætlun borgarinnar í velferðarmálum.	Lokið		Aðgerðaaætlun með velferðarstefnu 2021-2025 var lögð fyrir og samþykkt með velferðarstefnu 15. júní 2021. Vinna á grundvelli aðgerðaaætlunar er þegar hafin á velferðarsviði.
Virkniúrræði	Endurskoðun á öllum virkniúrræðum velferðarsviðs með áherslu á virkni, fjölbreytileika og aðgengi.	Lokið		Virkniúrs er komin með húsnæði og 1. maí 2022 mun vikniúrræði bætast við undir starfsemi Virkniúrs. Með þeirri aðgerð verður aukin samlegð milli úrræða, námskeiða og aðgengi að endurhæfingu sem heyrir undir Virkniúrs.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir fatlað fólk	Uppbyggingaráætlun vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk - Árið 2021 verða fimm íbúðakjarnar með 29 íbúðum tilbúnir ásamt þjónustuíbúðum.	Lokið		Þrír íbúðakjarnar hafa tekið starfa á árinu 2021. Auk þess hefur verið fjölgað í húsnæði með stuðningi.
Uppbygging búsetuúrræða fyrir heimilislausa	Uppbyggingaráætlun vegna húsnæðisúrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir gerir ráð fyrir að úthlutað verði í 10 smáhýsi árið 2021.	Í vinnslu 3		Alls voru 7 smáhús. Ennfremur er búið að úthluta í 3 smáhýsi að Kleppsmýrarvegi og húsin verða afhent á vörðmánuðum. Stefnt er að uppsetningu 7 smáhýsa til viðbótar sumarið 2022.
Fjölgað félagslegra íbúða	Áætlun um fjölgað félagslegra íbúða gerir ráð fyrir að þeim fjölgi um vel á annað hundrad á árinu 2021.	Lokið		Á árinu 2021 var alls fjölgað um 118 íbúðir, þar af voru kepptar af Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar alls 31 íbúðir.
Fjölgað hjúkrunarrýma	Fjölgað hjúkrunarrýma í Reykjavík árið 2021 í samvinnu við ríkið.	Lokið		Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Artúshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.
Velferðartækni í heimaþjónustu og heimahjúkrun	Til ársins 2022 er sérstök áhersla lögð á prófanir og innleiðingu á tæknilausnum í heimahjúkrun borgarinnar með það að markmiði að bæta þjónustu, tryggja gæði og öryggi og stuðla að sjálfstærðri búsetu í heimahúsum til að bæta lífsgæði notenda.	Í vinnslu 3		Niðurstöður árangursmælinga staðfesta að notendur hafa jákvæða upplifun og öryggi af því að fá þjónustu í gegnum skjáheimsóknir. Til að hámarka nýtingu skjávæðis og veita heilstarða þjónustu þarf að fjölga stöðugildum í skjávæðis. Undirbúningur er hafinn á lengri opnartíma skjávæðis (kvöld og helgar). Prófanir á sjálfvirkum lyfjaskömmtum ganga vel. Unnið er að því að leysa tæknileg vandamál og skilgreina verkferla. Fyrstu árangursmælingar gefa til kynna að þjónustuþegar séu ánægðir með tækið og finnst það einfalt í notkun. Þjónustutímar með fyrstu16 notendum fóru samtals úr 327 klst. í 139 klst. á mánuði. Til að tryggja að viðeigandi tækni verði innleidd að loknum prófunum er hafinn undirbúningur á prófunum á annarri tölulýfjaskömmum.
Aðgerðaaætlun gegn sáráfatækt	Aðgerðir sem miða að því að sporna við sáráfatækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra.	Í vinnslu 3		Legðar voru fram firm tillögur og 15 aðgerðir með 15 mælikvörðum. Ellefu aðgerðum/tillögum hefur verið lokið, átta eru í vinnslu og ein ekki hafin. Sú aðgerð sem ekki er hafin er endurskoðun verklags og verkaskiptingar á milli velferðarsviðs og Félagsbústaða út frá notendamiðaðri hönnun sem ekki verður unnið nema út frá stafrænni umbreytingu. Stafræn umbreyting er ákveðið ferli sem þarf að fara í samstarfi við PON og þarf að kostnaðarmeta áður en til þess kemur.
Farsældarþjónusta fyrir börn og unglínga og efling stoðþjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfir í skóla- og frístundastarfi	Nýtt farsældarþjónustupar Barna- og félagsmálaráðherra mun taka gildi árið 2022. Vinna verður unnið árið 2021 við skipulagsbreytingar og gerð nýrra verkferla til samræmis við farsældarþjónustupar. Aukin samþætting og einföldun skipulags og starfsemi stoðþjónustu til barna með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldna þeirra.	Í vinnslu 3		Verkefnisstjóri og faglegur leiðtogi skólaþjónustu þjónustumiðstöðva í núverandi mynd vinnur fyrir SFS og VEL að undirbúningi nýrrar löggjafar um farsæld barna og að innleiðingu tillagna stýrihópsins Ísaks um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir sem samþykktar voru í júní 2021. Allir starfshópar komnir af stað og mikil vinnsla í gangi innan þeirra sem og hjá framkvæmdastjórnum beggja sviða.
Stuðningur við börn og fjölskyldur af erlendum uppruna	Verkefnið Velkomin í hverfið hefur það að markmiði að veita stuðning við fjölskyldur af erlendum uppruna. Verkefnið sem hefur verið tilraunaverkefni verður innleitt í öll hverfi borgarinnar.	Lokið		Á þröðja ársfjórðungi var búið að innleiða verkefnið í öll hverfi borgarinnar og alla grunnskóla. Í innleiðing í leikskóla er að hefjast.
Markviss stuðningur við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi	Markviss og eflidur stuðningur við börn af erlendum uppruna til að tryggja virka þátttöku þeirra í íslensku samfélagi í nútíð og framtíð.	Lokið		Unnið er að innleiðingu á stefnu SFS í mállefnum fjölmenníngar skv. áætlunum þar um, ýmis verkefni í vinnslu og önnur í undirbúningi. Tvö íslenskuvör voru stofnuð í ágúst 2021 og er núna undirbúningur að opna tvö önnur íslenskuvör, annars vegar í Breiðholti og hins vegar í Austur í ágúst 2022.
Stafræn tækni í skólalastarfi	Efling þekkingar starfsfólks skóla- og frístundastarfið á að nýta stafræna tækni, tryggja gæði þjónustuferla varðandi ráðgjöf, fræðslu, innkaupa á búnaði og hagnýtingu stafrænnar tækni. Einnig að tryggja persónuvernd og stafræna hæfni starfsfólks og barna. Þá er gert ráð fyrir að búnaðarstaða sem tengist stafrænni tækni í námi og starfi verði bætt.	Lokið		Mikill undirbúningur fyrir afhendingar námstækja fór fram. Heimasíðan gskolar.is var fullkláruð þar sem m.a. er öll heila fræðsla fyrir foreldra varðandi persónuvernd sett fram á ensku og pólsku auk íslenskunnar. Gróskutengiliðir í skólunum fengu aðgang að Ítarlegum gátlista um afhendingu námstækja. Þar voru meðal annars fræðsla til stjórnmenda og kennara, foreldra og nemenda. Foreldrabréf og fræðsla til foreldra og nemenda. Rafræn samþykki foreldra á notkunarskilmálum var virkjað og þýtt á ensku og pólsku. Ný námstækki voru afhent í 23 skóla í nóvember og desember 2021. 2555 Chromebook og 273 iPad alls 2828 námstækki ætluð unglíngastigi af hálfu verkefnisins Stafræn grósko. Á sama tíma var fjölgað á búnaði af hálfu UTR alls 1817 tækki og því fjölgaði námstækjum í heildina um 4645 námstækki. Haldin voru fjölmörg opin námskeið, kynningar og fundir eða fræðsla með einstaka skólum sem yfir 600 starfsmenn grunnskóla eða leiksskóla sóttu. Fræðsla og námskeiðin sem haldin voru á tímabilinu má flokka í eftirlitandi flokka: skólalastar stutt af tækni og sköpun, tækni og upplifanir í snillismíðjum, google workspace for Education, skapandi miðlun og lærðmssamfélag.
Aðgerðaaætlun gegn ofbeldi	Endurnýjun aðgerðaaætlunar gegn ofbeldi sem er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Markmiðið er að skapa öruggt umhverfi borgarbúa með því að vinna gegn ofbeldi á ýmsum sviðum samfélagsins.	Lokið		Ný aðgerðaráætlun sem gildir frá 2022 til 2024 var kláruð í lok árs 2021 og samþykkt á fundi borgarstjórnar 1. febrúar 2022.
Brúum bilið – Uppbygging leikskóla	Áfangar 2021: 1. Undirbúningur opnunar nýrra leikskóla í endurbættu húsnæði: a) Kleppsvogur 150-152, b) Safamýrarskóli. 2. Markaðskönnun um leiguhúsnæði fyrir leikskóla. 3. Unnið að undirbúningi byggingar nýrra leikskóla, viðbygginga eldri leikskóla og fjölgunar deilda í starfandi leikskólum.	Í vinnslu 3		Kleppsvogur 150-152, unnið að uppbygging á húsnæðinu. Gert ráð fyrir byggingaverklökum í ágúst 2022. Vestari hluti húsnæðis var nýtt tímabundið fyrir leikskóla þar sem voru framkvæmdir í gangi. Framkvæmdum í austurhluta var áframhaldið. Í Bríetartúni 11 var unnið að innanhúsbreytingum og ætluð verkið 1. mars 2022. Unnið að keppnislýsingu fyrir Vogabyggðarskóla. Unnið með arkitektum, verkfræðingum og USK við vegna vinníngstíllögu Miðborgarleikskóla. Hönnunarferli viðbyggingar við Funaborg lokið og verkfræðihönnun hafin. Skógarhúsið við Funaborg tilbúið í desember. Búið er að byggja við gamla húsið við Guðborg og ný starfsmannaáðstaða tilbúin. Hönnun við Laugasól lokið. Undirbúningur vegna opnunar fjögurra ævintýraborga í fullum gangi. Undirbúningur að stækkingu Múlaborgar hófst í desember.
Uppbygging grunnskóla	Uppbygging nýrra grunnskóla í Skerjafirði og í Vogabyggð. Viðbyggingar við eldri grunnskóla.	Í vinnslu 2		Forsagnarvinna fyrir Skerjafjarðarskóla og Vogabyggð í vinnslu. Áfram unnið að samráðsferli og tillögugerð vegna Laugames-, Laugalækjar- og Langholtskóla og Vörðuskóla, Háteiggsskóla, Hlíðaskóla og Austurþéjarskóla. Teikningar á endurhönnun á Fossvogsskóla tilbúnar.

Endurnýjun og uppbygging skólalóða	Endurgerðir og sérstakt átak við eldri leikskólalóðir og grunnskólalóðir.	Lokið	Framkvæmdum að lokið við fimm grunnskólalóðir og fjórar leikskólalóðir sem voru endurnýjaðar á tímabilinu og sex leikskólalóðir þar sem gerðar voru úrbætur skv. átaki þar um. Hönnunarvinna hafin við endurgerð 6 leikskólalóðar fyrir árið 2022.
Uppbygging íþróttamannvirkja	Uppbygging íþróttamannvirkja, svæða fyrir íþróttafélag og sundlauga auk endurnýjunar ýmissa konar tækjabúnaðar.	Lokið	Vinna við uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni og samþykktum tillögum í borgarráði 19.11.2020. Áfram er unnið að endurnýjun tækja og tækibúnaðar í kjöllurum sundlauganna samkvæmt útteki sem farið hefur fram. Inniðling klórgerðar hefur áfram en sú vinna er mikilvægur þáttur í rekstri þegar horft er til umhverfissjónarmiða og lækkunar rekstarkostnaðar. Dalslaug í Úlfarsárdal opnaði í lok árs 2021 og var til að byrja með eingöngu notuð fyrir skólasund en full starfsemi er í lauginni í dag. Í íþróttamannvirkinu er einnig að finna bókasafn.
Uppbygging menningarhúsa	Áætlun um uppbyggingu menningarhúsa tekur árið 2021 til endurbóta og viðhalds eldri menningarhúsa, m.a. Grófarhús og Hafnarhús, og til byggingar nýrrar menningarmiðstöðvar í Úlfarsárdal.	Í vinnslu 3	Vinna við uppbyggingaráætlun menningarhúsa gengur skv. áætlun fyrir árið 2021 og einstök verkefni í vinnslu skv. henni. Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir gerðu villjayfirlýsingu um kaup borgarinnar á þeim hluta Hafnarhússins sem hafnirnar eiga í ljósi áfórna um að þar verði Safn Ninu Tryggvadóttur. Stofnað var „flugráð“ um endurnýjun Hafnarhúss og samspil byggingarinnar og starfsemi þess við nágrenni sitt og hefst vinna í febrúar 2022. Reykjavíkurborg hefur einnig hafið undirbúning að samkeppni um endurgerð og endurnýjun Grófarhúss.Ný menningarmiðstöð í Úlfarsárdal var formlega opnuð í 10. desember.

Stoðaðgerðir 2021		Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 31. desember 2021
Sviðsmynda- og áhættugreiningar		Sviðsmynda- og áhættugreiningar á þremur sjálfbærnivíddum Græna plansins í þeim tilgangi að skilgreina styrkleika, veikleika og helstu ógnanir og tækifæri til næstu 10 ára.	Lokið	Sviðsmyndir um það hvernig borg Reykjavík verður árið 2035 voru tilbúnar í nóvember 2021 eftir yfirferð með vinnuhópi um Græna planið og fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, íþrótt- og tómsundasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Skýrslan var kynnt fyrir fjármálahópi Reykjavíkurborgar 2. febrúar 2022 og lögð fram sem hluti af gögnum í tengslum við nýja atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur til ársins 2030 sem samþykkt var í borgarstjórn 5. apríl 2022.
Evrópusamstarf og styrkir til rannsóknna, nýsköpunar og atvinnuþróunar		Áætlun um þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi og rannsóknaráætlun ESB 2021-2027 sem getur skilað borginni fjármögnun á stöðugildum og verkefnum, verðmætri þekkingu og aðgengi að sérfræðipekkingu sem annars þyrfti að kaupa auk þess sem fyrirtæki í borginni fá stuðning í formi styrkja og aðgengi að markaði.	Í vinnslu 3	Í lok árs gaf Borgarráð Reykjavíkurborg heimild til að sækja formlega um að vera ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030. Áætlun um þátttöku í öðrum verkefnum hefur ekki verið sett fram. Í lok árs 2021 gaf borgarráð Reykjavíkurborgar heimild til að sækja formlega um að vera ein af 100 kolefnishlutlausum snjallborgum Evrópu árið 2030. Umsókn var send inn í lok janúar 2022 og staðfest í lok apríl að Reykjavík verði ein af 100 kolefnishlutlausum borgum Evrópu árið 2030.
Stafræn umbreyting		Stafræn umbreyting Reykjavíkurborgar ásamt fjárfestingu og uppbyggingu á grunninnviðum í upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg.	Í vinnslu 2	Áfram er unnið að styrkingu grunninnviða hjá borginni til að undirbúa stafræna umbreytingu borgarinnar. Teymi af stafrænum leiðtogum er byrjað að vinna í því að greina stafrænar áherslur og forgangsröðun innan sviða og utan. Inniðling á grunni að framkvæmd fyrir innkaup á grænni upplýsingatækni rekstri. Beta vefur borgarinnar var settur í loftið, nýtt útlit fyrir minar síður hefur verið sett upp og fyrsta stafræna ferlið var sett upp og hafist handa við þau næstu. Prufukeysla á inniðlingu á Office 365 var framkvæmd. Byrjað var á viðamikilli búnaðardreifingu í skólaumhverfið til stuðnings í verkefninu "Stafræn gróska". Vöruhús gagna tekið í notkun og stafrænt ferli stoðþjónustu klárað og undirbúningur fyrir endurhannað ferli grunnskólainnritunar hafið. Viðtækt dreifing og uppsetning á búnaði í skólaumhverfinu fyrir verkefnið "Stafræn Gróska".

Samvinna við fyrirtæki borgarinnar		Lýsing	Staða	Stöðulýsing - 31. desember 2021
Samráð Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar		Reglubundið samráð verði á milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið og einstaka samstarfsverkefnum sem sum fyrirtækin eða öll koma að.	Lokið	Starfshópar Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga skiluðu niðurstöðum í júní sem voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögurnar ávarpa m.a. reglubundið samráð borgarinnar og fyrirtækja hennar og hvernig má treysta það betur í sessi. Öllum tillögnum hefur verið komið í viðeigandi farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðeigandi sviðum Reykjavíkurborgar í samstarfi við viðeigandi starfshópa. Einnig við Betri samgöngur o.hf. Áfram er gert ráð fyrir reglubundnu samráði milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið undir forystu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Orkuskipti í Reykjavík		Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.	Lokið	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum starfshóps var komið í viðeigandi farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar, einnig við Betri samgöngur ehf. Áfram er gert fyrir reglubundnu samráði um orkuskipti.
Græn fjármál Reykjavíkur		Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.	Lokið	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum starfshóps var komið í viðeigandi farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar. Áfram er gert fyrir reglubundnu samráði.
Hringrásarhagkerfið í Reykjavík		Stefnumótun fyrir Hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.	Í vinnslu 3	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum starfshóps var komið í viðeigandi farveg hjá B-hlutafélögum og/eða viðkomandi sviðum Reykjavíkurborgar. Áfram er gert fyrir reglubundnu samráði. Með erindisbréfi var skipaður sérstakur starfshópur um hringrásarhagkerfið á höfuðborgarsvæðinu með fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Sorpu bs., Orkuveitu Reykjavíkur o.hf. og Veltina o.hf. auk þess sem leitað verður samstarfs við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
Evrópusamstarf um Kolefnishlutlausu og snjalla Reykjavík 2030		Reykjavík sækir fram og verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan EES svæðisins 2030 og verði með því sýnidæmi innan Horizon Europe áætlunar Evrópusambandsins sem gefur tækifæri til að draga að fjárfestingar og styrkir til metnaðarfullra nýsköpunarverkefna í borginni.	Lokið	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Skipaður var starfshópur til að halda áfram með undirbúning umsóknar um að borgin verði ein af kolefnishlutlausum borgum innan Evrópu og var umsóknin send formlega inn í lok janúar 2022.
Grænn viðskiptahraðall		Grænn viðskiptahraðall í samstarfi Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna þar sem öðrum fyrirtækjum borgarinnar stendur til boða að taka þátt í. Hraðallinn hefur það markmið að á Íslandi risi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, draga úr losun, skapa störf og auka samkeppnisforskot íslensks iðnaðar.	Lokið	Verkefninu er lokið. Það var leitt af Icelandic Startups, Faxaflóahafnir voru á meðal bakhjarla. Niðurstóður verkefnanna sem unnin voru í hraðlinum voru kynntar á fjárfestadegi í Grósku, 11. júní sl.
Stafræn umbreyting		Samstarf Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar til að flýta fyrir og lita stafrænni umbreytingu í borginni.	Lokið	Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum starfshóps var komið í viðeigandi farveg.